Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

23. Tbl. 11. des. 79 - 7. jan. 80 Sími 2 92 12 300 kr.

Október

Október-búðin
☆ er opnuð aftur ☆
að Frakkastíg 14 (á horni Grettisgötu)
Opið: Þriðjudaga – fimmtudaga kl. 17–19
föstudaga kl. 16–19
☆
– Bækur – Plötur – Plaköt – Blöð –
☆
Allt framsækið efni og á lægu[verði] sanngjörnu verði.
Opið lengur fram til jóla

Orðin hefð, að ekki sé leitað álits almennra félagsmanna 3

gleðileg jól

*

Viðtal við Aðalheiði 3

*

''Kjarahyggjuflokkur þarf ekki sósíalisma''

Snorri Sigfinnsson í viðtali við Vbl. 6

*

Metum við Pol Pot rétt? Richard Gott, The Guardian 11

*

Grafíkmyndir eftir Sigurð Þóri 6

*

Leikdómur um „Fyrsta öngstræti til hægri“ eftir Örn Bjarnason 12

*

Verkalýðsblaðið er tólf síður í dag

★★★★★★★★★★★★

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Útgefandi: EIK(m-l). Pósthólf 5186 Reykjavík.
Ábyrgðarmaður: Albert Einarsson

Kosningaúrslitin

Framsóknarflokkurinn fær hagstæðasta útkomu úr kosningunum. Margir kjósenda hafa fremur valið hægfara stéttasamvinnu Framsóknar en grímulausar kreppuofsóknir Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk verðskuldaða hirtingu kjósenda fyrir afturhaldsyfirlýsingar sínar. Svipað má segja um tækifærisstefnu og stéttarsamvinnu Alþýðuflokksins.

Alþýðubandalagið trosnaði í báða enda og getur engu um kennt nema eigin stefnu. Sígild stéttasamvinna og óvenju mikið bil milli orða og gerða kostaði þúsundir atkvæða.

Einhverjum kann að finnast fylgisaukning umtalsverð hjá Fylkingunni - sé reiknað í hundraðshlutum. En innan við 500 atkvæði í Reykjavík er enginn sigur - þetta er u.þ.b. þriðjungur göngu "Rauðrar verkalýðseiningar" 1. maí.

ÓLÍKT AÐHAFST

Einingarsamtökin hvöttu fólk til að skila auðu í mótmælaskyni við þingsalaflokkana. Auðum seðlum fjölgaði úr um 1700 í um 2700 á öllu landinu - auðir og ógildir voru tæp 3200. Ógjörningur er að meta þátt EIK(m-l) en kosningabaráttu samtakanna var ekki öflug eða lífleg.

Einingarsamtökin líta svo á að stigsmunur en ekki grundvallarmunur verði á ríkisstjórn með A-flokkunum og stjórn án þeirra. Kreppuráðstafanir liggja í loftinu og þær beinast gegn vinnandi fólki. Fyrir kosningarnar lögðu eikarar áherslu á undirbúning samfylkingar alþýðu í utanþingsbaráttu - andóf gegn atvinnurekendum og ríkisvaldinu - þvert á flokksböndin.

TILLAGA AÐ SAMEIGINLEGUM GRUNNI.

Nú víkur kokhreysti flokkanna fyrir biðilslund. En það verður erfitt að ná saman ríkisstjórn. Á meðan rýrna kjörin og klipið er af samningum sem eru úr gildi fallnir. Við lögðum fram kjörorð í nóvember sem við teljum að geti orðið grundvöllur samstarfs baráttusinna í komandi samningalotu. Þau eru:

1. Vinnum upp kaupránið - fullar verðbætur.
2. Berjumst gegn niðurskurði félagsþjónustu.
3. Engar uppsagnir - næga atvinnu.
4. Verjum verkfalls- og samningsréttinn - lýðræðislega samninga.

Þetta er almenn stefnuyfirlýsing.

ÁÞREIFANLEG STEFNUMÓTUN

Meginatriði samstilltrar baráttu felst í því að virkja fjölda fólks til hennar. Þess vegna verður starfið að vera öllum opið sem styðja stefnugrunninn eða hluta hans. Innan hvers stéttarfélags eða sambands verður fólk að móta eigin kröfur eða kjörorð eða þá að taka afstöðu til þess sem þegar er komið fram þar. Andófs - eða baráttulið hljóta að starfa innan félaga og sambanda og þau hljóta að krefjast stuðnings forystumanna sem segjast starfa fyrir vinnandi fólk. Hins vegar verðskulda þeir andstöðu fyrir annað.

HEFJUMST FLJÓTLEGA HANDA

Verkalýðshreyfingin heldur að sér höndunum í nokkurn tíma meðan stjórnarmyndun er reynd. Á meðan verður undirbúningur samfylkingarstarfsins að fara fram - bæði áróður fyrir fjöldavirkni vinnandi alþýðu og umræður um kjörorðin, kröfur og baráttuaðferðir - helst innan félaganna og á vinnustöðum. Til starfa!

Til lesenda

Ritnefnd verður nú að tilkynna ykkur lesendum að lengur getum við ekki staðið í hálsinum á verðbólgunni. Verð blaðsins í lausasölu hefur staðið óbreytt í 200 krónum frá því í febrúar á þessu ári en áskriftarverðið hefur verið óbreytt í hátt á annað ár.

Frá og með þessu tölublaði munum við því hækka lausasöluverðið um 50% og áskriftar verð um 67%. Nýi "taxtinn" lítur þá þannig út:
Lausasala: 300 kr.
Áskrift í 1 ár: 5000 kr.
Stuðningsáskrift: 10.000 kr.
Áskrift til útl: 8.500 kr.

Rukkun áskriftargjalda

Nú hafa verið sendir út gíróseðlar til áskrifenda. Við biðjum áskrifendur að bregðast fljótt og vel við og senda greiðslu. Á gíróseðlum er tilgreint til hve langs tíma áskrifandi á að greiða.

Eins og stendur í bréfi, sem fylgir gíróseðlinum, beinum við þeim tilmælum til áskrifenda að láta eitthvað af hendi rakna umfram áskriftargjaldið. Margt smátt gerir eitt stórt.

Rekstarstjórn Verkalýðsblaðsins.

Rauðliðinn : Hlé á útgáfu

Hlé verður gert á útgáfu Rauðliðans, tímarits Einingarsamtakanna, fram á næsta ár. Út kom á þessu ári tvöfalt hefti 1-2. hefti 5. árs (1979). Áskrifendur sem þegar hafa greitt áskrift fyrir 1979 þurfa þó ekki að kvíða, þeir fá það sem á vantar af árganginum þegar þar að kemur.

Við vonum að þessi töf mælist ekki illa fyrir. Orsökin er tvíþætt: Annir við endurreisn Októberbúðarinnar, sem nú er komin á horn Frakkastígs og Grettisgötu eftir að hafa verið lengi á hrakhólum og endurmat á hlutverki og þar með efnismeðferð Rauðliðans í ljósi leiðréttingar á starfi og stefnu Einingarsamtakanna Sjáumst heil á næsta ári.

Ritnefnd Rauðliðans.

Kampútsea Frh.af bls. 11

bjargarleið.
- En að sjálfsögðu verður að fordæma slíkar tilraunir. Það þjónar vestræna heiminum og Sovét. Það er nefnilega ekkert sem myndi afnema jafnskjótt forréttindi þau, sem háþróuðu löndin njóta í dag. Og í viðleitni sinni til að gera tilraun Kamputseu tortryggilega er auðvelt að gera mikið úr hrakförum glæpamannanna frá því fyrir 1975 - glæpamennirnir sem báru sjálfir ágyrgð á yfir 1 milljón særðra og dauðra.

Sameiginlegar aftökur

"Það kann að vera að 100-300.000 hafi verið drepnir eftir 1975" skrifar Lek Hor Tan, Kamputseumaður, sem athugað hefur þetta tímabil. Lek þessi bendir einnig á að "það er frá fornu fari sorgleg hefðbundin meðhöndlun glæpamanna í Kamputseu, að pólitískir glæpamenn eða "landráðamenn" og öll fjölskylda þeirra er tekin af lífi saman. Þessari gömlu hefð var ekki breytt á þeim 90 árum sem Frakkar réðu lögum og lofum í landinu...

Því munu margir Kamputseumenn viðurkenna þessar sameiginlegu fjölskylduaftökur jafnvel í dag og nota þær í miklu fleiri tilfellum en að framan greinir.
- En af hverju er það Pol Pot öðrum fremur sem kemur í sviðsljósið, þegar menn eins og Kieu Samphan, Ieng Sary og Son San (aðrir frammámenn meðal Rauðra khmera sem hlutu menntun í París) höfðu sennilega meiri völd á þeim tíma sem aftökur áttu sér stað?
- Pol Pot var forsætisráðherra fyrst í stuttan tíma frá apríl til september 1976. En hann varð ekki endanlegi forystumaðurinn fyrr en í september 1977 - eftir eitt ár "í kuldanum". Pol Pot er fjarri því að vera sáttur við kröfuna um að "loka landamærunum". Það er í stjórnartíð hans, eftir 1977, að Kamputsea opnaðist smám saman fyrir umheiminum. Það var þá þegar ákveðið að flytja út hrísgrjón, þegar erlendir fréttamenn voru boðnir til landsins, þegar loks Kurt Waldheim, aðalritari SÞ, var boðinn til landsins til að skoða "með eigin augum" hvort ásakanir um brot á mannréttindum væru á rökum reistar.
- Fyrstu erlendu fréttamennirnir frá Evrópu og USA sögðu, varlega þó, jákvætt frá því sem þeir sáu. Jean-Christophe Öberg, sendiherra Svíþjóðar í Thailandi, sagði í desember 1978 að hann hefði ekki orðið var við þá gröfu yfirgangssemi, sem vestræn blöð og flóttamenn sögðu frá.

"Gróskumiklir hrísakrar"

Í desember skrifaði Elisabet Becker í Washington Post "minnisverða sjón" að sjá "tugi bænda, alla svartklædda vinna á gróskumiklum hrísökrum." Áður en hún fór til landsins hafði hún heyrt margar sögur um hversu illa kerfið verkaði. Hún segist vera "nokkuð hissa" yfir almennu ástandi framleiðslunnar í landinu öllu: "Ég hlýt að komast að þeirri niðurstöðu að svo virðist sem efnahagskerfið sé í lagi."
- Berið svo saman við það sem nú er sagt um Kamputseu varðandi hungursneyð og hamfarir. Getur það verið að ábyrgðin á þessu sé ekki svo mjög að leita hjá Pol Pot, Khieu Samphan eða Ieng Sary, heldur hjá Heng Samrin, núverandi forsætisráðherra, manninum sem bað Víetnama um hjálp um síðustu áramót - á sama hátt og Lon Nol bað um hjálp Bandaríkjamanna - til þess eins að leggja landið í rúst?

Þýtt úr Klassekampen 29. nóv. s.l.

KENNEDY Frh. af bls. 10

skipbrot með aðild Kína að SÞ.

Staða USA í dag

Á heimsmælikvarða eru Bandaríkin á undanhaldi. Ítök þeirra og áhrif minnka, og æ fleiri þjóðir 3. heimsins rísa gegn þeim og hafna forsjá þeirra. Hver man ekki Angóla, Ethiopíu og Nicaragua? Bandaríkin þurfa í dag að keppa efnahagslega við ríki V-Evrópu og Japan. Hernaðarleg staða Bandaríkjanna veikist og nýtt risaveldi, Sovétríkin, sækir á.

Bandaríkin hafa allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar byggt hagvöxt sinn á alþjóðlegum fjárfestingum og arðráni á öðrum löndum. Því leiðir kreppa innanlands af alþjóðlegri kreppu Bandaríkjanna. Framleiðsluaukning innanlands hefur ekki haldið í við efnahagsvöxt í ríkjum V-Evrópu og Japan. Vegna ofuráherslu á fjárfestingar erlendis um margra ára skeið, hafa nýfjárfestingar innanlands verið vanræktar. Þá hafa erlendar fjárfestingar í Bandaríkjunum aukist verulega. Forskoti Bandaríkjanna varðandi tækniþekkingu og verkkunnáttu er ógnað.

Frelsarinn?

Bandarískir auðmenn renna í dag hýru auga til Edwards Kennedys. Hann er persónugerfingur hins ameríska draums. Edward Kennedy er sterki maðurinn, leiðtoginn, sem ekkert hræðist - segir goðsögnin. Bandarískt auðvald væntir þess að með hann í fararbroddi verði unnt að sameina þjóðina til að snúa vörn í sókn, í baráttu fyrir að Bandaríkin endurheimti stöðu sína sem óumdeilanlegt forystuafl hins vestræna heims.

Pólitískt skoðað, telst Kennedy vera fjálslyndur í skoðunum. Hann segist styðja réttindabaráttu litaðra í Bandaríkjunum, og hann er fylgjandi vaxandi almannaþjónustu, s.s. sjúkratryggingum, heilsugæslustöðvum o.s.frv. Þá hefur hann frjálslyndar skoðanir í utanríkismálum. Hann hefur einn bandarískra stjórnmálaleiðtoga fordæmt stjórn Íranskeisara sem hryðjuverka- og glæpastjórn.

En staðreyndin er sú, að hvorki Edward Kennedy né annar einstaklingur getur breitt þeirri stöðu sem Bandaríkin eru í. Þær vonir sem honum eru bundnar munu bresta á fyrsta kjörtímabilinu (1980-84), nái hann kjöri. Bandarískir stjórnmálaskýrendur hafa sagt, að " bregðist frelsarinn (Kennedy) verði bakslagið mikið". Hættan er sú, að Kennedy ryðji braut hægri sveiflu í Bandarískum stjórnmálum. Hægri sveiflu þar hafa alltaf fylgt stríðsæsingamenn og þjóðernisæsingamenn... og raunar oftast stríð líka. Eða hvernig verður risaveldi ótvírætt forystuafl?

Karl

Kampútsea

STYÐJUM KAMPÚTSEU

Hernám víetnama og þjóðarmorð þeirra í Kampútseu er stórmál. Enn er reynt að láta umræður og upplýsingar snúast um stjórnarfar í tíð Pol Pots, sem af fer tvennum sögum. Sjónvarpið sendir út kvikmyndir eins og það fari eftir þörfum Hanoi-stjórnarinnar. Það hafnar myndum sem sýna aðrar hliðar á málunum.

Jól allsnægtanna eru í nánd. Þá er hverjum mannvini brýnast að taka undir kröfuna um brottför víetnama úr Kampútseu og gefa fé til hjálparstofnana, sem verða að fá frjálsar hendur við hjálparstarfið í landinu.

Með ósk um skjóta aðstoð til Kampútseu senda Einingarsamtökin íslenskri alþýðu hugheilar nýjársóskir með von um ánægjuleg jól.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar 6.12.

GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM

Þórir Daníelsson og láglaunafólkið

Verkalýðsblaðinu hefur borist áþyggilegar upplýsingar um laun Þóris Daníelssonar, framkvæmdastjóra Verkamannasambandsins. Honum eru greidd laun samkvæmt 26. launaflokki BSRB. Þriðja þrep í þeim flokki gera heilar 577,790 krónur. Til samanburðar má geta þess að hæsti launaflokkur Dagsbrúnar, semætlaður er fyrir stjórnendur þungavinnuvéla gera í dag 283. 227 krónur.

Ekki náðist í Þóri til að útskýra hvernig á því stendur að hann hefur meira en tvöfalt hærri laun en best gerist meðal umbjóðenda hans. Við hér á Verkalýðsblaðinu sjáum ekki betur en að hér sé um að ræða tvöfalt siðgæði á háu stigi. VMSÍ þykist gæta hagsmuna láglaunafólks gagnvart hálaunafólki (það er víst aukaatriði að gæta þeirra gagnvart atvinnurekendum), en á sama tíma fá stjórnendur sambandsins laun sem enginn verkamaður getur dreymt um.

ÓHS.

*

Viðtal við Aðalheiði



Verkalýðsblaðið tók Aðalheiði Bjarnfreðsdóttur, formann Sóknar, tali og spurði hana útí gang samningamálanna. Sókn er eitt þeirra félaga, sem á beina aðild að ASÍ og tekur þátt í undirbúningi að heildarsamningum fyrir ASÍ.

Vbl: Er búið að gefa kröfunni sama kaupmátt og eftir samningana '77 eitthvert innihald? Hvað á sú krafa að þýða í prósentum?

A.Bj: Nei það er ekki búið að gera það. Þetta er óljóst og mér vitanlega hefur þessu ekki verið slegið föstu.

Vbl: Hvert er þitt mat á því að taka upp sömu kaupkröfu og sett var fram fyrir sólstöðusamningana '77, hina svo kölluðu 100 þús. kr. kröfu?

A.Bj. Mér vitanlega hefur kjaranefnd ASÍ ekki rætt þann möguleika að taka þessa kröfu upp. Það er hins vegar ljóst, að það þarf að gerast. BSRB. hefur nú tekið þessa kröfu upp og ef á að leggja áherslu á að hækka lægstu launin, finnst mér rétt, að við tökum þessa kröfu upp. Við í Sókn munum beita okkur fyrir því að svo verði gert. Þessi krafa mun vera í kringum 300 þús. á lægstu laun.

Vbl: En hvað um vísitölumálin?

A.Bj: Um þau eru deildar meiningar. Spurningin stendur um það hvort vísitölubæturnar skuli greiddar, sem prósentuhækkun á hverjum taxta, eða sem jöfn krónutöluhækkun. Mér finnst krónutölureglan réttari og það á ekki að miða bæturnar við lægstu launin. Hins vegar er tómt mál að tala um þessa leið, ef verkalýðshreyfingin í heild tekur hana ekki upp, og mér virðist, að svo verði ekki.

Vbl: Hefur þú engar efasemdir um réttmæti þess að taka þátt í þessum stóru samflotum ASÍ?

A.Bj: Ég sé á þeim ákveðna galla. Það er t.d. ákaflega slæm meðferð á sérkröfum að afgreiða þær eins og gert hefur verið, í einum pakka. Það hefur reynst slæmt fordæmi, þegar það var tekið upp. Mér sýnist líka, að þetta hljóti að valda fólki úti á landsbyggðinni miklum óþægindum, erfitt með sambandi við félögin og auk þess fokdýrt.

Vbl: Hvað gerist á ráðstefnu ASÍ 7. og 8. þ.m.?

A.Bj: Á henni verða teknar ákvarðanir um sameiginlegar kröfur verkalýðshreyfingarinnar. Síðan verða félögin að leggja fram sínar sérkröfur. Enn er allt óljóst um það, hvenær viðræður við atvinnurekendur geta hafist.

8. marshreyfingin — ræðir málin

Verkalýðsblaðið hafði samband við Sigrúnu Ágústsdóttur og spurði hana hvað 8. mars hreyfingin væri nú að bralla. Hún sagði að konurnar í hreyfingunni væru nú helst að ræða til hlítar spurninguna um hvernig ætti að heyja kvennabaráttuna, hvers konar skipulagsform hentuðu o.s.frv.

Konurnar væru líka, að sögn Sigrúnar, að ræða sögu 8. marshreyfingarinnar, hvernig hún varð til og hvernig EIK (m-l) mataði hana á einangrunarsinnaðri pólitík.

Auk þess er til umræðu innan 8. mars hreyfingarinnar afstaða til Rauðsokkahreyfingarinnar.

ÓHS.

Orðin hefð, að ekki sé leitað álits almennra félagsmanna

Umræður um kjaramálin hafa undanfarið horfið í skuggann fyrir þrasi þingflokkanna nú fyrir kosningarnar. Nú er farið að hægjast um og nauðsynlegt að taka upp markvissa umræðu um þessa hluti.

Hver er staðan?

Hjá ASÍ - félögunum er staðan í stuttu máli sú, að flest þeirra hafa sagt upp samningum og undirbúningur sameiginlegra krafna þeirra hefur farið fram í tveimur nefndum Alþýðusambandsins.

Meginkröfurnar eru mjög óljósar. Talað er um sama kaupmátt og eftir samningana '77, 12 - 17 % hækkun eftir því, hvað meta skuli félagsmálapakkann mikils. Þá hefur ekki verið lagst gegn því að viðskiptakjaravísitalan hafi áhrif á kaupgjaldsvísitöluna, en það er nauðsynleg forsenda þess að fullar vísitölubætur verði greiddar.

Rætt hefur verið um að vísitölubætur verði greiddar sem föst krónutala en ekki sem prósentuhækkun á laun, sem þýddi röskun milli taxta á samningstímabilinu. Niðurstaða þeirra umræðna liggur ekki fyrir.

Þá hafa verið ræddar ýmsar félagslegar kröfur, sem margar hverjar horfa til mikilla bóta fyrir launafólk.

Á að bíða og sjá?

Nú er ætlunin að afgreiða kröfurnar á kjaramálaráðstefnu ASÍ þ. 7. og 8. þ.m. Hvort kjarakröfunum, sem eru "viðkvæmastar" verður slegið föstum þar, skal ósagt látið, en óneitanlega læðist að manni sá grunur, að hlutirnir séu vísvitandi hafðir svona óklárir, að það sé verið að bíða og sjá hvort til valda komi hægra eða vinstra ríkisvald, eins og Gvendur Jaki mundi kalla það.

Undirbúningur kjarasamninga

Sjálfsagt má segja, að undirbúningur komandi kjarasamninga sé hefðbundinn. Ég vil taka sem dæmi mitt eigið stéttarfélag. Fulltrúar félagsins sátu kjaramálaráðstefnu ASÍ nú í haust, án þess að rætt hefði verið innan félagsins, hverjar okkar brýnustu kröfur skyldu vera. Hvað höfðu þeir í höndunum? A.m.k. ekki annað en eigin skoðanir og mögulega stjórnarinnar. Síðan hafa verið haldnir tveir félagsfundir. Á öðrum voru þessi mál ekki rædd, á hinum, tæpri viku áður en segja skyldi upp samningum, urðu nokkrar umræður. Þá kom í ljós, að stjórnin var ekki einu sinni búin að koma sér saman um, hvað félagið ætti að setja fram sem höfuðkröfur. Undirbúningur sérkrafna var ekki hafinn. Engin áform eru um vinnustaðafundi, né annað samráð við félagsmenn, áður en samningar eru lausir.

Megin kröfurnar eru mótaðar í nefndum, fjarri almennum félögum. Er furða, þó mæting sé slök á félagsfundum?

Samflot eða ekki samflot?

EIK(m-l) hafa rekið harðan áróður gegn samflotunum. Það hefur stundum komið þannig út, að samtökin væru alfarið á móti heildarsamningsgerð. Ég held, að sú afstaða sé röng. Hins vegar verða að vera ákveðin skilyrði fyrir þátttöku í þeim.

Mikilvægasta forsendan er sú, að það sé eining um stefnu, mikilvægustu kröfur og baráttuaðferðir. Í öðru lagi þarf að liggja á borðinu, að sameiginlegir samningar séu besta baráttuformið og það er alls ekki alltaf.

Þessi atriði eru yfirleitt ekki skoðuð. Það er orðin hefð að taka þátt í samflotum og láta nefndir móta kröfurnar utan félaganna.

Einstaka vafa- og óánægjuraddir heyrast þó. T.a.m. hefur Guðjón Jónsson formaður Félags járniðnaðarmanna látið í ljós þá skoðun, að málmiðnaðarmenn eigi ekki að taka þátt í samfloti, ef ekki verða greiddar fullar verðbætur á laun til þeirra starfsstétta.

Hvaða kjarakröfur á að hafa að leiðarljósi?

Vissulega er það í verkahring félaganna sjálfra, að ákveða sínar kjarakröfur. Mér sýnist hins vegar, að það sé fyrst og fremst um tvo valkosti að ræða. Annars vegar er krafa ASÍ, hins vegar er krafa BSRB, í grófum dráttum sama krafa og sett var fram fyrir samningana '77. Af hálfu ASÍ hefur, a.m.k. ekki opinberlega, verið ræddur sá möguleiki, að taka þessa kröfu upp, sem er verulega miklu hærri.

Það er a.m.k. mitt mat að leið BSRB sé vænlegri til árangurs. ASÍ segir markmiðið vera að ná sama kaupmætti og út úr samningunum 77. Er það þá ekki betri herstjórnarlist, að setja fram kröfuna, sem var á oddinum fyrir þá samninga, heldur en að setja fram niðurstöður þeirra? Ég vil skora á félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ að taka þennan möguleika a.m.k. til umræðu.

Ragnar.



Atvinnuöryggi fiskverkafólks

Atvinnuöryggi fiskverkafólks er í dag mjög takmarkað og nánast ekkert í reynd.

Samkvæmt samningum Verkamannasambands Íslands öðlast verkamaður 1 viku uppsagnarfrest eftir 3 mánaða vinnu hjá sama atvinnurekenda, en 1 mánaðar skriflegan uppsagnarfrest eftir 1 árs starf hjá sama atvinnurekanda. Uppsagnarfrestur er alltaf gagnkvæmur.

"Félagsmálapakkinn" svo kallaði, eða "Lög um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms og slysaforfalla" frá 27. apríl 1979, bætir þetta ofurlítið. Verkafólki nægir nú að hafa unnið 1 ár innan sömu atvinnugreinar til að fá 1 mánaðar uppsagnarfrest. Síðan lengist uppsagnafresturinn uppí 2 mánuði eftir 3 ára samfellt starf hjá sama atvinnurekanda og í 3 mánuði eftir 5 ára samfellt starf hjá sama atvinnurekenda.

Þetta lítur vel út, en í reynd eru þetta svo til innantóm orð. Mikil hreyfing er á vinnuafli í fiskiðnaði, a.m.k. á stór-Reykjavíkursvæðinu. Ráðning og uppsögn er oftast munnlegt samkomulag milli verkstjóra og verkafólks og uppsagnarfrestur sjaldan virtur, nema e-ð sérstakt komi til. Dæmi eru um að forysta verkalýðsfélaganna hlægi upp í opið geðið á verkafólki, sem ætlar að sækj rétt sinn, þegar brotið hefur verið á rétti þess til uppsagnarfrests. Nægir að nefna Bjarna Jónsson trúnaðarmann Dagsbrúnar á Kirkjusandi h/f, sem var rekinn umsvifalaust fyrir að rífast við yfifboðara sína.

Hvers konar óöryggi?

Hvaða aðstæður eru það sem skapa óöryggi verkafólks í fiskiðnaði og virðingarleysi við réttindi þessa sama starfshóps?

Framar öllu öðru er það sú staðreynd að frystihúsaeigendur eru alls ekki skyldir að sjá starfsfólki sínu fyrir samfelldri vinnu alla virka daga ársins. Jafnframt því að togaraflotinn stækkar, Veiðitækni batnar og aflamagn eykst er frystihúsaeigendum heimilað með lögum og samningum, að senda verkafólk til föðurhúsanna á stórskertum tekjum. Lög og rétt verkafólks til uppsagnarfrests....., frá 27. apríl 1979, 3.grein: Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekenda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri....., verður atvinnurekenda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna,....., enda missa launþegar þá eigi uppsagnarfrest sinn meðan slíkt ástand varir. "Um leið leysir sama grein verkafólk undan uppsagnarfrests-skyldum sínum við fyrirtækið, bjóðist því önnur vinna.

Hvar er atvinnuöryggi fiskverkafólks?

Kauptryggingin

Kauptrygging heitir sérsamningur, sem á að tryggja verkafólki lágmarkstekjur í aflaleysishrotum. Þegar fiskverkafólk hefur unnið samfellt 4 vikur á sama stað, getur það undirritað kauptryggingarsamning, sem er uppsegjanlegur með sjö daga fyrirvara. Starfsfólk skal halda dagvinnukaupi 5 daga vikunnar, því ber að "vinna öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum" og ef það neitar því, falla réttindi samningsins niður þá vikuna.

Ef frystihússeigandi ákveður að hann vilji ekki eða geti ekki séð stöðinni fyrir hráefni e-t tímabil, þá segir hann kauptryggingunni lausri með réttum fyrirvara og er laus allrar ábyrgðar gagnvart verkafólki sínu.

Hvar er atvinnuöryggi fiskverkafólks?

Lítum á hverjir vinna fiskinn. Aðallega konur yfir miðjan aldur, húsmæður með a.m.k. tvöfalt vinnuálag og unglingsstelpur. Karlmenn eru færru á flestum stöðum og þá flestir komnir yfir miðjan aldur, og svo unglingsstrákar. Karlmenn þurfa sjaldan, ef nokkurn tíma, að skrifa undir kauptryggingarsamning og halda þó lengur vinnu en konurnar. Ofannefndar félagslegar aðstæður kvennanna fær þær gjarnan til að hika við að festa sig á samning, sem skikkar þær til að "vinna öll algeng frystihússtörf". Því þótt dagleg störf kvennanna felist í snyrtingu, vigtun, pökkun og ef til vill hreingeringu á vinnslurýmum, nær kauptryggingarvinnan yfir allsherjar hreingerningar á vinnusölum og -tækjum, útskipun, ísingu, saltfiski- og skreiðarvinnu jafnvel flutning kjötskrokka úr fristiklefum á vörubíla, svo sem dæmi eru til um. Og stútungskerlingar um fimmtugt, með margar barnsfæðingar að baki og heimilisverkin í bið, eru ekki allar tilbúnar til að taka að sér. En nokkrar fara þó á kauptryggingu og þá gerist nokkuð merkilegt: Á meðan unnin er kauptryggingarvinna á stöðinni missa hinar konurnar rétt til atvinnuleysisbóta. Ef til dæmis 10 konur af 50 notfæra sér rétt sinn standa þær í vegi fyrir því að hinar 40 fái nauðsynlegar atvinnuleysisbætur - en væru allar 50 á kauptryggingarsamning, segir atvinnurekandinn kauptryggingunni lausri vikunni fyrr sér að skaðlausu.

Hvar er atvinnuöryggi fiskverkafólks?

Á sínum tíma var mikið unnið að því að verjast launatapi af völdum aflaleysis. Sem félagsmenn í verkalýðsfélögum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum á fiskverkafólk rétt á atvinnuleysisbótum. En 1974 var tekin inn í Lög um atvinnuleysistryggingar reglugerð nr. 105/1974 um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu. Reglugerðin inniheldur öll aðalatriði kauptryggingarsamningsins, eins og lýst hér að framan, en er að auki baktrygging atvinnurekenda fyrir endurgreiðslu á launum sem hann greiðir fyrir kauptryggingarvinnu. Frá og með 1. mars 1979 á atvinnurekandi rétt á 50% endurgreiðslu og síðan lækkar hún um 10% á ári, uns endurgreiðsla fellur niður 1. mars 1984.

Er hráefnisskortur?

En er það raunverulegt aflaleysi og raunverulegur hráefnisskortur sem við er að eiga í dag? Með nútíma veiði- og vinnslutækni hafa þessir vágestir minnkað að mun og gætu minnkað enn meir. Annað kemur til: Atvinnurekendur eru farnir að notfæra sér þennan vísi að réttindum verkafólks til að selja óunnið hráefni erlandis og loka frystihúsunum.

Frystihúsaeigendur með togara í eigu sinni, gefa, ef þeim sýnist hagkvæmast, látið togarana selja óunninn aflann erlendis og lokað frystihúsinu á meðan. Frystihúsaeigendur, sem ekki eiga togara, en eru á samningi við útgerð um aflalöndun, geta lokað húsum sínum og sent fólkið heim ef þeim sýnist það hagkvæmara en að ganga að kröfum útgerðarinnar. Útgerðarfélög geta selt óunninn afla erlendis og sleppt löndun hér heima, ef þeim sýnist þeir græða meir á því. Það getur verið mokfiskerí á hafi úti, en "aflaleysi" og "hráefnisskortur" í landi, ef atvinnurekendum sýnist svo.

Hvaða hagsmunir ráða?

Það eru ekki "hagsmunir láglaunafólksins", "atvinnuöryggi landsmanna", "framþóum íslensks iðnaðar" eða "þjóðarhagur okkar Íslendinga" sem í reynd ræður gerðum atvinnurekenda í fiskiðnaði. Það eru markaðslögmál hins kapítalíska hagkerfis og eiginhagsmunir atvinnurekenda. Og til að ná sem bestum bitum eru þeir nú komnir uppá lag með að nota sér hinn gloppótta rétt fiskverkafólksins og snúa hinum gegn verkafólkinu.

Á.B.

Atvinnuleysisbætur — hvergi fullnægjandi

Það er viðurkennt að láglaunahópar eiga fullt í fangi að framfleyta sér og sínum á launum sínum, jafnvel þótt bæði hjónin vinni úti og taki alla mögulega aukavinnu. Samt skirrist löggjafarvaldið ekki við að fara fram á að verkafólk, sem atvinnurekendanum þóknast að senda heim í nokkrar vikur, lifi við sultarmörkin.

Þegar fiskverkafólk er sent heim "í frí á atvinnuleysisbótum" skerðist kaup þess verulega. Bæturnar nema því sem svarar 70% af næstlægsta texta Dagsbrúnar nema ef verkamaður er giftur og fyrirvinna, þá eru þær 80%. Bætur greiðast með 3 börnum undir 17 ára aldri, 6,5% með hverju:

Einstaklingur 7.620, - á dag
Gift fyrirv. 8.709, - á dag
með barni 708, - á dag

Bæturnar eitt — rétturinn annað

Að auki er eitt að til eru atvinnuleysisbætur - annað er að eiga rétt á þeim. Verkakona í fiski má ekki vera gift manni sem hefur yfir 4.000.000 í árstekjur. Hún missir þá rétt til bóta.

Sé verkakona ógift, en hafi fyrir barni að sjá, reiknast henni einstaklingsbætur ásamt barnsuppbótinni. Til að ná fullum bótarétti þarf að skila 1032 vinnustundum fyrrverandi 12 mánuði en 516 til að ná hálfum bótum. Þó er það þannig að kona, sem fjölskylduástæðna vegna vill ekki skuldbinda sig hjá fyrirtæki nema hálfan daginn og vinnur síðan hann allan, á ekki rétt á nema hálfri bótagreiðslu. Verkakvennafélagið Framsókn

★ ★ ★ ★

NÝJUSTU TÍÐINDI

Í þann mund sem Verkalýðsblaðið var að fara í prentun bárust okkur þau góðu tíðindi að Kirkjusandur h.f. væri að hefja rekstur á nýjan leik.

Heimildarmaður okkar lét þess þó getið að alls óvíst væri um framhaldið eftir áramót.

hefur þó sett spurningarmerki við þessa túlkun laganna og er eftir að vita hvernig því reiðir af.

Sláandi dæmi

Það er með atvinnuleysisbætur eins og önnur réttindi verkafólks, þær fara að ákveðnum bókstaf og ekki alltaf eftir nauðsyn og þurft verkafólks. Sem dæmi má nefna 19 ára verkakonu í sambúð og með rúmlega 1 árs barn á framfæri. Eftir barsburðinn veittist henni erfitt að fá vinnu þar til hún tók það ráð að fá leyfi Félagsmálastofnunar til barnapössunar í heimahúsum. Maður hennar er iðnnemi með 117.000 kr. í fastakaup á mánuði. Sem iðnnemi á hann ekki rétt á námslánum og þótt nemandi sé, hafa þau verið sett á 1 árs biðlista til dagvistunar, jafnframt því að menntaskólanemar og Háskólastúdentar hafa verið teknir fram fyrir þau. Þau borga 40.000 kr. fyrir heimapössun 10 daga í mánuði en maðurinn passar hina daganna eftir að hún fór að vinna í fiski á Kirkjusandi h.f. Húsaleigan er 60.000 kr. á mán. auk hita og rafmagns, og húsnæðið er lélegt. Þau hafa sótt um íbúð í Verkamannabústöðunum í Breiðholti en gengur illa að komast út.

Þannig er staðan þegar Kirkjusandur h.f. lokaði 9. nóv. síðastliðinn. Þá hafði hún 216 tíma frá KS, en barnapössunartímarnir teljast ekki með það eð tekjur af barnapössun eru skattfrjálsar. Þar af leiðandi hefur hún ekki rétt til atvinnuleysisbóta og ekkert hægt að hliðra til í kerfinu.

Þetta er ekki einsdæmi. Vissulega má þakka fyrir að verkafólki er ekki almennt vísað á guð og gaddinn við heimatilbúið atvinnuleysi frystihúsaeigenda, en rétturinn er takmarkaður. Og það kemur ævinlega verst niður á þeim sem mest þurfa á þeim að halda.

ÁB

Atvinnurekendur bítast

Núna að haustinu, þegar gæði fisks eru mikil, er besti tíminn fyrir sölu erlendis á óunnu hráefni. Verð hráefnis erlendis er þrisvar til fjórusinnum meira en hér. Margir togarar eru látnir sigla með aflann, nú eins og mörg undanfarin ár. Enda kemur í ljós að hin ýmsu frystihús stöðva starfsemi sína um tíma með misstuttum fyrirvara. Þetta virðist þó eiknum eiga við á Suðurlandi.

SÍS og Ögurvík

Á stór-Reykjavíkursvæðinu er m.a. að finna frystihúsið Kirkjusand h.f.

Tveir stærstu eignaraðilar eru Samband Íslenskra Samvinnufélaga, með mikinn meiri hluta, og útgerðarfélagið Ögurvík h/f. Þar hefur nú verið lokað frá 9. nóv. vegna "hráefnisskorts". Ögurvíkur-togararnir Ögri og Vigri eru þeir togarar sem einkum sjá húsinu fyrir hráefni.

Hvað veldur?

Ber eignaraðilinn Ögurvík h/f ekki ábyrgð á því að sjá Kirkjusandi fyrir hráefni?

Hvað með SÍS? Ber Sambandið ekki ábyrgð á því að halda húsinu gangandi?

þaðvirðist ríkja hagsmunatogstreita á milli eignaraðilja Kirkjusands. Togstreita sem byggist á ólíkri afstöðu aðiljanna til hámarks gróðaöflunarinnar.

Gróðasöfnun erlendis

SÍS er víðfemur auðhringur, á íslenskan mælikvarða, sem teygir sig yfir flest svið íslensks iðnaðar og einnig til annarra landa. Sambandið á m.a. fyrirtækið "Iceland Seafood Corporation", sem fullvinnur hálfunnið hráefni frá Íslandi. Þetta fyrirtæki eykur verðgildi hráefnisins með fullvinnslunni og gróði þess skilar sér í gjaldeyri, sem ekki kemur til Íslands.

Samkvæmt almennum markaðslögmálum hlýtur SÍS að hafa hagsmuni af:

1. Lágu verði á óunnum fiski
2. Lágu kaupi fiskverkafólks
3. Lágu kaupverði Seafood Corporation á hálfunnum fiskafurðum.

Er þá ekki líklegt að Sambandið hafi hagsumi af því að frystihús þess á Íslandi (sem selja afurðir til Seafood), og þar á meðal Kirkjusandur h/f, sýni tap í rekstri? Þetta er ekki ólíklegt, þegar hafðir eru í huga auknir lánamöguleikar frá íslenska ríkinu.

ljóst að ekki hefur fiskverkafólkið hagsmuni af því að vinnustað þess er lokað rétt undir jólin og það sent heim á atvinnuleysisbótum. Niðurstaða þessara þankabrota hlýtur því að verða sú að eignaraðilar Kirkjusands h/f halda stíft fram eigin hagsmunum við lokun hússins. SÍS, með sinn háa eignarhluta, hefur engan hug á að gefa Ögurvík meiri ráðarétt í fyrirtækinu. Ögurvík hefur meiri hagsmuni af því að selja beint á erlendar hafnir og fá háar fjárhæðir í vasann samdægurs. Verkafólkið getur einfaldlega hypjað sig heim.

Standast kosningaloforðin?

En er öll sagan sögð? Skemmtilegt er að taka til umhugsunar hin flokkspólitísku tengsl málsins.

FRAMSÓKNARFLOKKURINN stendur einhuga að baki SÍS og Ríkharð Jónsson, framkvæmdastjóri Kirkjusands, var í framboði til Alþingiskosninganna núna 2. og 3. des. Og hvað segir ekki "Ný Framsókn til Framfara":

(Sjá efri mynd.)

Orðin eru falleg, en reyndin er sú að Framsóknarflokkurinn lýtur lengi reyna að fela ásókn sína í gróða á bak við samvinnuhugsjónina, en tekst ekki alltaf!

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN á sína fulltrúa í stjórn Kirkjusands h/f. Nægir að nefna Sverri Hermannsson þingmann og eiganda Ögurvíkur h.f.

Það verður gaman þegar Sverrir ætlar að bæta við mannafla á Kirkjusandi þegar fimmtán þúsundin koma í vinnuleit — en það má þá líka senda mannskapinn heim öðru hverju ef það hentar ekki að borga fólkinu kaup. "Leiftursókn gegn lífskjörum" verður væntanlega í hávegum höfð, þá sem endranær.

Nei, verkafólk, það eru ekki "hagsmunir láglaunafólks" sem þeir háu herrar í Vinnuveitendasambandi og á Alþingi hafa mestar áhyggjur af eða geta bjargað við. Það erum við sjálf, sem verðum að berjast.

A.B.





Ögurvík vill hátt fiskverð

Útgerðarfélagið Ögurvík h/f er hins vegar ekki auðhringur með fjölda fyrirtækja eins og SÍS. Ögurvík er ekki eignarfélag að Seafood Corp. og fær því enga hlutdeild í gjaldeyrisgróða þess. Þar af leiðir að Ögurvík hefur hagsmuni af:

1. Háu fiskverði
2. Að frystihúsið geti selt unna vöru dýrt
3. Að frystihúsið sé rekið með gróða.

Að því er séð verður er lágt kaup fiskverkafólks meðal fárra sameiginlegra hagsmuna þessara tveggja eignaraðila Kirkjusands h/f.

Leikmannsaugum er það

Vbl. styður fiskverkafólk

Verkalýðsblaðið hefur frétt að fiskvinnslufólkið á Kirkjusandi h/f hafi sent skrifleg mótmæti til stjórnar hússins er því lokað um óákveðinn tíma þ. 9. nóv. Mótmælti starfsfólkið því að verið væri að búa til atvinnuleysi með því að loka frystihúsinu, meðan togararnir selja fullfermi erlendis.

Verkalýðsblaðið fagnar þessu framtaki og hvetur fiskverkafólk um allt land til að mótmæla lokun frystihúsa og berjast fyrir bættu atvinnuöryggi í þessari mikilvægu framleiðslugrein.



Í nóvembermánuði þóttist íhaldið hafa ástæðu til að fagna klofningi innan Alþýðubandalagsins, þegar Snorri Sigfinnsson, bifvélavirki á Selfossi, fyrrverandi formaður kjördæmisráðs Alþýðubandalagsins í Suðurlandskjördæmi o.fl. sagði sig úr flokknum. Tíðindamaður VBL hafði tal af snorra rétt fyrir kosningarnar. Þá kom í ljós að Mogginn hefur síður en svo haft ástæðu til að fagna. En gefum Snorra orðið:

Snorri Sigfinnsson, Selfossi í viðtali við Vbl.

— Kjarahyggjuflok þarf ekki að vera

Bjartsýnn á árangur

"Það er best að ég byrji á því að lesa þér úrdrátt úr bréfi mínu til formanns Alþýðubandalagsfélagsins á Selfossi og nágrenni:

"Eins og þér mun kunnugt hef ég ásamt mörgum öðrum unnið að því á skipulegan hátt og af öllum mínum kröftum allsstaðar í stofnunum flokksins þar sem mér hefur verið falið að starfa að hann, þ.e. flokkurinn, taki alvarlega það forystuhlutverk sósíalískrar stefnu og lífsskoðunar sem ég tel að honum sé skylt að rækja. Fyrir síðustu kosningar var ég bjartsýnn á að umtalsverður árangur væri í sjónmáli. Ég taldi að þrátt fyrir tregðu nokkurra Alþýðubandalagsmanna í miðstjórn ASÍ hefði Alþýðubandalaginu, miðstjórn þess og verkalýðsmálaráði tekist að sveigja þessa menn undir flokkslega stefnu og ákvarðanir."

Ég og nokkrir aðrir vorum búnir að keyra það í gegn á sínum tíma að öllum flokksbundnum Alþýðubandalagsmönnum innan verkalýðsfélaganna, sér í lagi stjórnarmönnum í ASÍ, væri skylt að hlíta meirihlutasamþykktum verkalýðsmálaráðs flokksins í stefnumótun sinni þar. Þetta var mikið átakamál. En það endaði með því að það tókst að sveigja þessa menn til að játast undir þetta.

Þetta brast greinilega í stjórnarmyndunarviðræðunum. Í stað þess að AB stæði utan ríkisstjórnar og nýtti möguleikann sem gafst á að taka algera og afgerandi forysta á grundvelli sósíalískrar stefnu þá var hlaupið til á eftir piltum eins og Jakanum og fleirum. Golhrá stefna ASÍ og sérsambandanna er tekin upp og gerð að stefnu AB. Hún birtist fyrst og fremst í því að etja saman launþegahópum. Við þetta sætti ég mig ekki.

Furðuleg launastefna

Mér finnst alveg furðuleg launastefna sósíalísks flokks sem byggir beinlínis á því í praksís að etja saman launþegahópum í landinu. Það var mér ljóst og ég benti á það og barðist gegn þessari ríkisstjórnaraðild AB í miðstjórn, í verkalýðsmálaráði og allsstaðar þar sem ég hafði möguleika. Ég benti á það strax þá til hvers væri ætlast af AB. Ástandið væri þannig að kjaraskerðing væri á dagskrá. AB. myndi ekkert geta gert í þessari ríkisstjórn annað en að milda áhrif kjaraskerðingarinnar og dreifa henni á lengri tíma. Í raun og réttri væri AB. þarna til þess að sætta verkafólk við skerðinguna.

Jafnframt þessu myndi AB. glata því frumkvæmi sem það hefði fengið um síðustu kosningar. Fólk var þá beinlínis farið að vonast eftir því að það væri einhver einn sem hægt væri að treysta. Orðtakið: Þeir eru allir eins þessir andskotar fjaraði beinlínis út.

Þarna hefur glatast stærsti möguleiki sósíalísks flokks á Íslandi allt frá því að ég fór að muna eftir, til þess að setja upp hreinan vegg milli þessa flokks annars vegar og allra hinna hins vegar.

Þessu stórkostlega tækifæri til að þjappa fólki saman um AB var hafnað. Af hverju? Einfaldlega vegna þess að innviðir AB eru ekki nægilega styrkir til þess að takast á við það sem í augnablikinu getur litið út fyrir að vera óvinsælt til þess að geta bætt framtíðarbaráttustöðu verkalýðsstéttarinnar.

Hroðalegt áfall

Það var náttúrulega hroðalegt áfall fyrir mig og aðra sem stóðu að óróðlegu deildinni forðum daga á ASÍ-þingi að árangur

Grafíkmyndir eftir Sig. Þóri

Grafíklistamaðurinn Sigurður Þórir hefur gefið Verkalýðsblaðinu mikinn fjársjóð. Myndirnar sem hér fylgja fá lesendur og velunnarar blaðsins að kaupa á 50.000 krónur hverja. Samtals gerir Sigurður Þórir 12 eintök af hverri. Helmingur söluandvirðis rennur til Verkalýðsblaðsins.

Myndirnar munu hanga uppi í Októberbúðinni að Frakkastíg 14 til nánari athugunar og kaups. Það er rétt að taka það fram að rétt stærð myndanna er 36 X 46 cm og því óvíst að þær prentist eins og best verður á kosið.

Hér er einstakt tækifæri fyrir ykkur lesendur góðir og ekki síst fyrir Verkalýðsblaðið.

okkar þar er að engu orðinn. Við vorum búnir að tryggja næstum meirihluta flokksbundinna Alþýðubandalagsmanna í miðstjórn ASÍ. Vinna okkar beindist næst að því að knýja þessa menn undir flokksaga. Það hefur ekki gengið betur en það að nú hlaupa þeir lausbeislaðir aftur. Helstu forystumennirnir hafa ekki fengist til að halda t.d. fundi fyrirfram, útbúa sameiginlega afstöðu til mála og láta skerast í odda. Okkur fannst og finnst alveg sjálfsagt að stéttarandstæðurnar takist á í ASÍ eins og annars staðar. Þarna hafa Alþýðubandalagsmenn brugðist ekki allir, heldur þeir sem mestu hafa ráðið. Þeir vilja ekki láta segja sér neitt fyrir. Þeir vilja ekki fara eftir neinni sérstakri sósíalískri línu. Þeir vilja viðhalda stéttasamvinnunni á þann hátt að þátttöku vinstri samtakanna í þjóðfélaginu til þess að draga þau inn í þá sósíalísku umræðu sem hefur farið fram í AB. Ég er nú ekki alveg vonlaus um að þetta geti tekist ennþá. En til þess að slíkt megi verða verður að ná upp marktækri umræðu um þessa hluti sem ekki lokast inni í stofnunum AB, s.s. miðstjórn og verkalýðsmálaráði.

Ég geng úr flokknum vegna þess að það er orðin skoðun mín að þetta verði að koma utan frá. Umræðan sem fer fram í flokksstofnunum um þetta mál hefur oft verið hörð og óvægin - en hún nær ekki út fyrir þær, hún nær t.d. ekki til vinstri samtakanna. Ef ég gæti lagt því lið með því að standa utan flokksins og gera ásamt öðrum þetta feimnismál íslenskra sósíalista opinbert - og stuðla þar með að opinni hreinskilinni umræðu um þessi mál þá held ég, að það geti verið valkostir. Annar er sá að stofna kommúnistaflokk sem verður svipa á AB. til þess að hægja á ferðinni til hægri. Hitt er annað að það er hugsanlegur möguleiki enn, að gangi eitthvað af fólki á miðjum aldri til móts við vinstri samtökin, þá fari raddir, áhrif og sjónarmið þeirra að gæta í flokknum svo til klofnings þurfi ekki að koma. En það er alveg frumskilyrði að það verði farið að tala við þetta fólk. Þetta gengur ekki.

Ég held að sameiginlegir umræðufundir séu byrjun. Það er orðin alveg skilyrðislaus þörf á því að fólk fari að tala saman, ekki bara vinstri hóparnir innbyrðis heldur verður umræðan að ná til flokksbundinna Ab-manna ásamt fjölmargra óflokksbundinna.

Ég er ekki fullviss um að AB hljóti að klofna. Það er fjarri því. En óneitanlega bendir margt í þá átt.

Fleira en þrætubókarlist

Það er tvennt sem hamlar störfum vinstri samtakanna. Það er fyrst og fremst ákaflega harðar deilur innan og milli þeirra um teoríur. Í annan stað virðist vera að þau vanti vissa jarðbindingu við virka og starfandi félagsmenn í verkalýðsfélögunum - og í Alþýðubandalaginu.

Umræðan innan vinstri samtakanna verður að stjórnast af einhverju fleiru en þrætubókarlist um teoríur. Það er alveg ljóst mál. Það er líka alveg jafn ljóst mál að allir meðvitaðir sósíalistar sem alast upp núna eru aldir upp í þessum hópum. Það er líka athyglisvert að nær því ekkert af þessu fólki skilar sér inn í AB. Ég held að af þessi samtök vilja ganga til liðs við ýmsa menn utan AB. og innan sem hafa vissa reynslu bæði sem verkamenn og sósíalistar og eru komnir á vissan aldur þá öðlist þau traust með röttæku vinstra fólki sem þau skortir eins og er. Það væri sem sé hægt að færa þrætubókarlistina yfir á eitthvað annað plan.

Hægja á hægri þróuninni

Allt mitt starf og öll mín húgsun miðar að því að nýta AB. til þess að hægja á þeirri hægri þróun sem á sér stað hér á Íslandi. Og til þess vil ég nýta krafta þeirra samtaka sem standa vinstra megin við AB. Við verðum að hafa eins mikinn hemil á þessari hægri þróun eins og hægt er og til þess verðum við að beita sameiginlegu átaki allra meðvitaðra sósíalista.

Hjálpa vinstri öflunum í Abl.

Það verður að ná tökum á því að ræða við ekki bara einn heldur alla vinstri hópana á vitrænum grund- - velli um hvað hugsanlegt er að gera til að hægja á þessari hægri þróun. Hvernig eigum við að hjálpast að því Þá verða ekki aðeins þessi samtök og ýmsir einstaklingar að ná sér saman heldur að finna síðan ýmsar leiðir til að ræða það mál í rólegheitum við flokksbundna Alþýðubandalagsmenn. Markmiðið verður að vera að hjálpa þeim sem þar standa vinstra megin til þess að standa á sósíalískum stefnumiðum Alþýðubandalagsins.

Sósíalísku ríkin ræðum við aukreitis

Vissulega vil ég taka mið af því sem er að gerast í sósíalískum ríkjum. Vissulega ógnar mér að sjá hvað virðist vera að gerast í Kína. Vissulega er ég ekki sammála Fylkingunni um Trotskí. Vissulega dettur mér ekki í hug að taka Sovétríkin og fordæma þau.

En um þessar teoríur get ég svo rætt við þetta fólk á allt annan hátt heldur en það hvernig við eigum að hægja á hægri þróun hér uppi á Íslandi. Við getum rætt það svona aukreitis hvort það sé vitlaust af mér að hafa ekki fengist til að fordæma Sovétríkin, hafa aldrei fengist til að gapa við því sem er að gerast í Kína. Það er ekki málið, eins og það horfir fyrir minni kynslóð. Ef við eigum að vera ábyrg sem hlýtur að vera hægt að ætlast til af fimmtugu fólki, þá verður okkur fyrst hugsað til þeirra framtíðar sem börn okkar eiga eftir að lifa við þetta fyrirkomulag. Tekst okkur að ger það eitthvað manneskjulegra en það er."

óhs.

kkur sósíalískur

allt geti verið með sömu ró og spekt eins og áður var. Þar verður aldrei neitt samþykkt sem allir geta ekki samþykkt hvort sem þeir eru íhaldsmenn eða aðrir. Þetta hefur þeim tekist þrátt fyrir að við tryggjum svo mikinn fjölda Alþýðubandalagsmanna þarna. Þeir hafa ekki nýtt möguleikann sem þeir fengu.

Barist fyrir viðræðum

Ég hef barist fyrir því í mörg ár að það yrði tekin upp bein og opin umræða með til hins góða.

Abl. verður að endur meta afstöðu sína

Það verður að koma upp úr þessum kosningum að AB fari að endurmeta stöðu sína. Það kemur að því fyrr eða síðar að AB getur ekki haft það í gegn að knýja nær því alla vinstri menn og sósíalíska kjósendur í landinu til þess að kjósa AB á síðustu stundu af því að allt er betra en íhaldið. Að því hlýtur að draga að þetta takist ekki.

Þá eru bara til tveir

Kjarahyggjuflokkur

Ef það er aftur á móti að fara svo fyrir AB. að það er ekki að verða neitt nema kjarahyggjuflokkur í þrengsta skilningi þess orðs þá hef ég ekkert þar að gera. Þessa kjarahyggju lendi ég sjálfsagt í að móta í verkalýðsfélögunun eins og aðrir launþegar. Ég þarf ekki að vera flokksbundinn til þess. Kjarahyggjuflokkur þarf ekki að vera sósíalískur á nokkurn hátt.



Opið lengur fram til jóla

Viðtal við fulltrúa Októberbúðarinnar

- Nú hefur búðin verið opin í um tvo mánuði að Frakkastíg 14. Hvernig hefur reksturinn gengið?

- Það er rétt, við vorum húsnæðislausir í allt sumar og fram á haust. Nýi staðurinn á horni Grettisgötu og Frakkastíg er betur í sveit settur en fyrra húsnæði á Óðinsgötu og sýnu vistlegri. Þar er fyrst og fremst að þakka ósérhlífnu starfi félaga og stuðningsmanna. Rksturinn gengur heldur betur, en ekki má gleyma því að það dregur dilk á eftir sér að hafa lokað í tæplega hálft ár. Bæði þýðir það skuldabagga og svo hitt að það tekur nokkurn tíma fyrir fólk að átta sig á því, að búðin sé komin aftur á laggirnar.

GRAFÍKSÝNING OG JÓLABÆKUR.

- Hvað er þá helst á döfinni til eflingar búðarinnar?

- Við reynum að auka fjölbreytnina í búðinni og ná til fleira fólks. Fyrir nokkrum dögum setti Guðmundur Ármann Sigurjónsson upp sölusýningu á dúkristum hjá okkur, einnig mun Sigurður Þórir sýna og selja nokkrar grafíkmyndir fram til jóla. Við höfum aukið mjög úrvalið af íslenskum bókum hjá okkur, einkum barnabókum, og eru þær ódýrar og vandaðar. Eins og áður höfum við einnig úrval af framsæknu erlendu efni, bæði á norðurlandamálum og á ensku.

Við viljum sérstaklega beina því til listamanna og annars hagleikafólks að við tökum gjarnan að okkur umboðssölu á verkum þess.

Eins og nú horfir get ég ekki annað séð en það sé auðvelt að finna jólagjafir við allra hæfi í Októberbúðinni.

FRAMTÍÐARHORFUR.

- En sé lítið út fyrir jólakauptíðina. Hafið þið einhverja áætlanir um framtíðina?

- Það er ljóst að Októberbúðin getur átt miklu hlutverki að gegna til stuðnings framsækinni menningarstarfsemi. Eftir áramótin ætti að gefast andrúm til þess að huga betur að framtíðaráformum. Allar ábendingar frá viðskiptavinum búðarinnar eru sérlega velkomnar. Aðalverksvið búðarinnar er að stuðla að pólitísku fræðsluefni og framsækinni menningarstarfsemi. En fjölbreyttari þjónusta við almenning getur fyllilega komið til greina. Þetta er á umræðustigi og mjög mikilvægt að fá hugmyndir sem flestra um hvernig þeir vilja hafa þessa búð í framtíðinni.

LENGRI OPNUNARTÍMI.

- Nokkuð að lokum?

- Aðeins það að fram til jóla höfum við opið lengur en venjulega. Frá þriðjudegi til föstudags er opið frá 14 til 19 og á laugardögum frá kl. 14. Laugardaginn 15. des. er opið til kl. 22 og 22. des. til kl. 23. Verið velkomin í Októberbúðina á horni Frakkastígs og Grettisgötu.

Október

Ari T. Guðmundsson í viðtali við Verkalýðsblaðið

„Þar ber kannske þyngst annars vegar breytingar á afstöðunni til sameiningar kommúnista í ein samtök eða flokk og svo hins vegar nokkrar ákvarðanir sem voru teknar og varða fyrst og fremst samfylkingarstefnu samtakanna. Hún hefur verið gölluð. Hún hefur miðast við alltof þröngan hóp. Á þinginu voru teknar ákvarðanir sem miða að því að Einingarsamtökin vinni með öllum einstaklingum og öllum samtökum sem geta náð samstöðu við um ákveðin málefni. Þetta er breyting frá því sem áður var.“

— Verkalýðsflokkur verður að vera marxískur

VBL.: Nú er lokið 4. landsþingi EIK (m-l). Finnst þér að það hafi uppfyllt þær væntingar sem félagar og stuðningsmenn EIK gerðu til þess?

Ari: Ég hef að sjálfsögðu ekki gott yfirlit yfir það hvað fólki finnst um þingið. Mér finnst hins vegar að þingið hafi verið mun árangursríkara heldur en 3. landsþing samtakanna. Einfaldlega vegna þess að það var sumpart betur staðið að því. Ég held að það hafi fyrst og fremst verið tvennt sem einkenndi þetta þing. Annars vegar urðu verulegar breytingar á forystu samtakanna. Þar var sett til forystu fólk sem hefur staðið framarlega innan samtakanna í gagnrýni á fyrri stefnu og störf þeirra. Hins vegar tók þetta þing ákvarðanir, reyndar almennar ákvarðanir í nokkrum atriðum sem táknuðu miklar breytingar fyrir Einingarsamtökin.

Þar ber kannske þyngst annars vegar breytingar á afstöðunni til sameiningar kommúnista í ein samtök eða flokk og svo hins vegar nokkrar ákvarðanir sem voru teknar og varða fyrst og fremst samfylkingarstefnu samtakanna. Hún hefur verið gölluð. Hún hefur miðast við alltof þröngan hóp. Á þinginu voru teknar ákvarðanir sem miða að því að Einingarsamtökin vinni með öllum einstaklingum og öllum samtökum sem geta náð samstöðu við um ákveðin málefni. Þetta er breyting frá því sem áður var.

VBL: Varðandi breytta samfylkingarstefnu. Þingið var haldið á sama tíma og kosningabaráttan. Komu þessar breyttu starfsaðferðir fram í hvatningu EIK (m-l) til fólks um að skila auðu?

Ari: Það var nú svo að það áttu sér stað umræður í samtökunum um hvort bjóða ætti fram eða skila auðu. Meirihlutinn var ekki með framboði. En hvort sem menn voru nú sammála um framboð eða ekki þá voru menn þó sammála að ef farið væri út í framboð þá ætti að reyna að ná fram samvinnu og samstöðu með öðrum samtökum. Tilnefnd voru sérstaklega KFÍ/ML og Fylkingin. Þannig tel ég að nýja afstaðan hafi komið fram í þessum vilja félaga samtakanna. Það er svo annað mál hvernig við metum þá ákvörðun að bjóða ekki fram og eins það starf sem farið hefur fram eftir að ákvörðun hefur verið tekin.

VBL. Beittu samtökin þá nýjum aðferðum í þessari kosningabaráttu?

Ari: Ég tel ekki að þau hafi beitt nýjum aðferðum í eigin áróðri sínum fyrir því að fólk skilaði auðu. En ég tel að þau hafi beitt nýjum aðferðum bæði í sambandi við hugleiðingar um framboð, í sambandi við bæði hugleiðingar og framkvæmdir að komandi kjarasamningum. Hins vegar finnst mér starf samtakanna að kosningum sjálfum hafa verið lítið og ekkert nýtt þar á ferðinni.

VBL. Hvaða skref hyggjast samtökin stíga til þess að fylgja eftir ályktun 4. landsþingsins um sameiningu kommúnista í ein samtök?

Ari: Ég held að flestir viti það að KFÍ/ML hefur daprast mjög með árunum. Þessi samtök eru orðin mjög lítil og hafa lítinn styrk lítil áhrif. Þau eru engu að síður þau samtök sem standa okkur næst. Við vitum líka að það eru allmargir sem standa fyrir utan bæði þessi samtök sem líta á sameiningu þeirra sem forsendu fyrir því að þeir geti starfað með kommúnískri hreyfingu. Þar af leiðandi áliturn við þessa sameiningu við KFÍ/ML mjög mikilvæga, þrátt fyrir það hvernig fyrir honum er komið. Það sem segir nákvæmlega til um í þessari ályktun er fyrst og fremst þrennt Við lýsum því yfir að við berum mesta ábyrgð á því undanfarin ár að þessi sameining skuli ekki hafa orðið. Við leggjum áherslu á það að samtökin þurfi að vinna mikið saman til þess að geta gert út um sín deilumál og til þess að eyða tortryggni sem er á milli félaga í þessum samtökum. Og loks lýsum við því yfir að samtökin þurfi ekki að vera sammála um hvernig beri að meta forsögu þeirra beggja þegar þau sameinast. Í ljósi þessa hlýtur miðstjórn Einigarsamtakanna að gera tvennt. Ég tek fram að þetta er mín persónulega skoðun. Annars vegar að leita mjög stíft eftir samvinnu við félaganna í KFÍ. Hins vegar að bjóða þessum samtökum viðræður um ágreiningsmál þeirra, t.d. um stéttir, um uppbyggingu kommúnísks flokks o.fl. Þessi umræða verður að fara fram. Okkar skref geta því verið fólgin í því að gangast fyrir samvinnu og gangast fyrir viðræðum.

VBL: Nú snertir sameiningarmálið ekki síst sameiningu marx-leníníska hreyfingarinnar og alls framsækins fólks, einkum innan Alþýðubandalagsins. Hvað hyggjast EIK(m-l) gera til að ná eyrum þess fólks?

Ari: Fyrst verður maður að gera sér grein fyrir því hvað átt er við með hugtakinu "vinstri maður". Mér finnst það ekki vera spurning um yfirlýsingar manna eða samtaka. Verkalýðsflokkur á að vera marxískur Ég er í sjálfu sér samþykkur því að slíkur flokkur sameini alla þá sem teljast marxistar. Það gerið hann ekki nema á grundvelli ákveðinnar stefnuskrár sem á þá að vera sameign þeirra sem stofna hann. Til að mynda álít ég ekki að Fylkingin sem samtök tilheyri þeim hópi sem myndar þennan verkalýðsflokk. Ég fortek ekki fyrir það að það séu menn innan hennar sem þar gæta átt heima. Sama gildir um Alþýðubandalagið í heild. Stærsti hópur þessa fólks er innan Abl. eða a.m.k. í kosningahóp þess. Þar af leiðandi held ég að við náum ekki til þess nema á tvennan hátt. Annars vegar með því að vinna með því bæði í kjarabaráttu og annarri baráttu. Þá verðum við að leggja okkur sérstaklega eftir því. Komandi kjarasamningar eru ágætis prófsteinn á það Hins vegar með því að efna til umræðu við þetta fólk um stjórnlist og baráttustefnu í íslenskri stéttabaráttu. Við verðum að ræða við það með það fyrir augum að sameinast á grundvelli marxismans en ekki einhvers konar minnsta samnefnara sem hægt væri að finna milli þessa fólks.

ÓHS.

*

Fagnar ályktun EIK(m-l)

Verkalýðsblaðið hafði samband við Gunnar Andrésson, formann KFÍ/ML, í tilefni af ályktun 4. landsþings EIK (m-l) um sameiningu kommúnista í ein samtök. Þessi ályktun birtist í síðasta tbl. Vbl.

Gunnari fannst þetta markverð stefnubreyting hjá Einingarsamtökunum og ánægjulegt að þau skyldu vera loksins komin að sömu niðurstöðu og Kommúnistaflokkurinn. Þessi ályktun, segir Gunnar, hefði verið rædd innan samtaka hans og hann byggist við að viðræður yrðu fljótlega hafnar milli EIK (m-l) og KFÍ/ML.

Gunnar sagði ennfremur að sameining þessara samtaka væri liður í sameiningu allra róttækra manna vinstra megin við Alþýðubandslagið.

Gunnar Andrésson

Aðspurður sagði hann að sú sameining gæti ekki orðið á öðrum grundvelli en marxlenínisma og byltingarstefnu. Hann sagði ennfremur að Fylkingin sem samtök ættu var mikið sameiginlegt með marx-lenínisma en að allir sem styðji sósíalíska byltingu á Íslandi og valdatöku verkalýðsins væru fyllilega athugunarverðir.

Að lokum sagðist Gunnar harma það að ekki hefði náðst samstaða fyrir kosningar milli vinstri samtakanna um framboð. Málefnaágreiningur hefði verið lítill sem enginn og ekkert látið reyna á hann. Þarna hefði verið lag til þess að koma róttækri sósíalískri verkalýðsstefnu á framfæri í þjóðfélagsbaráttunni.

ÓHS.

TIL UMRÆÐU

Nokkrar vangaveltur um kosningaskrif Verkalýðsblaðsins

Undirritaðar hafa nokkra gagnrýni fram að færa á skrif Vbl. um kosningarnar 2. og 3. des. Okkur finnst að margar greinanna sem birst hafa, eins hafa getað birst í blaðinu fyrir síðustu kosningar, svo almennar eru þær. Teljum við að Vbl. hafi ekki gert nógu hlutstæða greiningu á stjórnmálaástandinu í dag, og er því krafan um að skila auðu langt frá því að vera sannfærandi fyrir fólk með efasemdir. Í greininni "Hvers vegna ekki skásti kostuninn?" í 22. tbl. er Alþýðubandalaginu reyndar gerð ágæt skil, en alveg sleppt að bera það saman við aðra flokka s.s. Sjálfstæðisflokkinn. Vbl. hefur hingað til sett alla borgaralegu flokkanna fjóra undir sama hatt, en er ekki a.m.k. stigsmunur á þeim? Er ekki flokkur með fasískar tilhneigingar hættulegri en kratískir flokkar? Þessar og álíka spurningar hafa vaknað.

Nú hefur Sjálfstæðisflokkurinn lagt fram mjög ögnvekjandi kosningastefnuskrá undir kjörorðinu "leiftursókn gegn verðbólgu", sem boðar að okkar mati gífurlegar skerðingar á kjörum fólks og lýðréttindum, atvinnuleysi auk þess sem flokkurinn er reiðubúinn að hleypa erlendum auðhringum inn í landið. Við vitum að lengi getur vont versnað, og þarf ekki að líta lengri en til Englands til að sjá hversu harkalega stjórn Íhaldsflokksins ræðst að kjörum og réttindum vinnandi fólks þar í landi. Sú spurning gerist því æ áleitnari hvort ekki sé rétt að berjast gegn því með öllum ráðum að slík stefna nái fram að ganga hér. Vitanlega er utanþingsbaráttan lang mikilvægasti vettvangur þessarar baráttu og varast ber að treysta á að einhver borgaralegu flokkanna komi til með að bjarga okkur frá yfirvofandi kjaraskerðingum Þvert á móti hafa allir þessir flokkar staðið fyrir kjaraskerðingum og árásum á rétt vinnandi fólks. En okkur finnst ekki fráleitt að það ástand kunni að koma upp í þjóðfélaginu, að borgarastéttin neyðist til að kasta lýðræðisgrímunni. Við spyrjum því enn, er slíkt ástand í uppsiglingu á Íslandi í dag? Sjálfstæðisflokkurinn er einn helsti fulltrúi auðvaldsins og boðar nú grímulausast árásir á kjör alþýðunnar. Er ástæða til að þjappa fólki saman gegn þessum flokki nú?

Við tökum enn fram að Vbl. hefur ekki gefið gefið svör við þessum spurningum. Blaðið hefur fjallað almennt um málið og slegið ýmsu föstu í stað þess að taka á hlutunum með festu. Við beinum þessum spurningum til blaðsins og annarra sem kunna að hafa íhugað þessi mál, þrátt fyrir að skammt er til kosninga þegar þetta er skrifað.

Tvær efasemdakonur.

Samstaða um baráttumál

Í síðasta Verkalýðsblaði er lögð fram sú stefna EIK (m-l) að byggja upp sem víðtækasta samfylkingu róttækra afla innan verkalýðshreyfingarinnar. Okkur finnst eins og fleirum, að "oft var þörf en nú er nauðsyn". Starf EIK-ara innan verkalýðshreyfingarinnar hefir verið alltof fyrirferðarlítil og rekið á þröngum grunni. Við höfum hunsað ýmsa mögulega bandamenn, og það er vel að ný stefna skuli nú tekin upp.

Við, félagarnir í Sókn, viljum þó minna á reynsluna frá BSL og BSV frá árunum 1975-6, þegar reynt var að skipuleggja andstöðuna alla í formlegu samfylkingu. Það sýnir sig að vera óþarfa ofskipulagningu sem ekki hæfði þörfum baráttunnar. Okkur finnst að þessi breytta stefna EIK (m-l) nú eigi að birtast í breyttum starfsaðferðum í einstökum félögum og að einstökum málum, þar sem leitað verði víðtækari stuðnings en fyrr. Gott dæmi er Andóf '79.

Með þessu erum við alls ekki að leggjast gegn skipulegu samstarfi um einstakar aðgerðir, stóra mótmælafundi eða þess háttar. Við viljum aðeins vara við að endurtaka þá villu að loka starfið inni í deiluklúbbum róttæklinga eins og BSV og BSL voru.

Félagar í Sókn.

Bréf til ritnefndar

Kæru ritnefndarfélagar,

22. tbl. er afar gallað. Mig langar að skýra frá ýmsu gagnrýnisatriðum. Ég tek fram að í heild er blaðið ekki verra en undanfarið, það er bara eins og þið endurtakið sömu villurnar alltof oft.

Á annarri síðu er ónýt hálf almenn stjórnmálaályktun 4. þingsins. En fyrir neðan er óstytt ályktun um sameiningu kommúnista með fyrirsögninni "fréttatilkynning".. Þar hefði dugað stuttur úrdráttur og með annarri fyrirsögn fyrir alla muni.

Greinin um spítalafundinn er slæm (ekki sem grein). Þar er nefnilega verið að telja upp hvað gerist á fundinum en það hafa flest dagblöðin gert mjög skilmerkilega. Niðurlagið um framhaldið er gott en fyrri hlutinn átti að meta fundinn stutt - t.d. með spurningum til 3-4 fundarmanna.

Grein Elíasar með viðbót um sama mál á 7. síðu er of mikið í einu. E.D. hefði mátt vera knappari og í auðhringagreininni hefði átt að sleppa að inngangi og eftirmála - upplýsingarnar tala sínu máli.

Á baksíðunni er Pétur góður sem og annað efni nema þessi andsk... grein um Hilmar. Í henni eru gerðar allar verstu villur Vbl. fyrr og síðar í einu lagi. Í fyrirsögn er Sjálfstæðisflokkurinn bendlaður við eitt og annað. Svo eitt félagar: Hilmar er ekki sjálfstæðismaður - hann er suður-afrískur fasisti - og hvað kemur hann frjálshyggju við? Og síðast en ekki síst: Þið eyðið dýrmætum dálksm. í að endurprenta óþverran í tugasm. vís úr Lesbókinni. Sjáið þið virkilega ekki skaðsemi svona efnis?

Í heild eru gallarnir á blaðinu þessir:

1. Blaðið grípur ekki nóg á kosníngum og flokkum - öðrum en AB. Mér finnst blaðið ekki tengjast nóg stöðunni í stéttabaráttunni og þjóðmálaumræðunni að þessu sinni. Þetta er ritstýringar- en ekki tímaspursmál.

2. Blaðið þegir um stórvæg mál sem eru á allra vörum: Teheran, loðnustoppið, laxræktarhringinn bandaríska o.s.frv. Þetta heitir ritstýring sem mér virðist enn vera háð framlagi hvers og eins, sjálfstætt.

AT.

Upphringing lesanda

Einn lesandi blaðsins hringdi til okkar og sagði upp áskrift sinni:

"Þegar ég gerðist áskrifandi í október í fyrra fannst mér blaðið mjög duglegt við að taka upp aktúel mál á vinnumarkaðinum, en svo ekki lengur. Þess vegna hefur blaðið versnað að mun. Mér finnst líka blaðið of pólitískt kreddubundið og trúarbragðakennt. Kannske gerist ég áskrifandi aftur ef þetta lagast".

Stefna borgarstjórnar í dagvistarmálum

Frh. af baksíðu

Samstarfshópurinn ákvað að hittast aftur að hausti til að ræða framhald á þátttöku í þessari mikilvægu baráttu. Ekki hefur enn því miður að ná saman hópnum svo vitað sé þegar þetta er skrifað.

Í plaggi því sem samstarfshópurinn afhenti borgarstjórn segir m.a.: "Það er full þörf áframhaldandi baráttu. Ástandið í dagvistarmálum hefur í engu breyst og stjórnvöld ekki sýnt stóra tilburði í þá átt að hverfa frá stefnu sinni".

Við sem þetta skrifum vitum ekki til þess að svar við þessum kröfum hafi borist frá borgarstjórn utan lofræður um eigið ágæti sem Guðrún Helgadóttir byrjaði strax við afhendingu undirskriftalistanna.

HVAÐ ER ÞAÐ SVO SEM BORGARSTJÓRN HEFUR AÐ HRÓSA SÉR AF?

Rauðsokkahreyfingin stóð fyrir opnum fundi um dagvistarmál þ. 18. okt. s.l. og var hann nokkuð vel heppnaður. Þar kom m.a. fram að félagsmálaráð R.víkur hafi lengi setið á 115 milljónum sem átti að verja til dagvistarmála. Nú hefur reyndar verið fjárfest í gömlu húsi í Vesturbænum. Á þessum fundi talaði Guðrún Helgadóttir aðallega um hvað þetta væri nú allt saman dýrt, og að ráðstöfunarfé væri sko bara ekki meira. Ekki minntist hún á að hægt væri að auka ráðstöfunarfé.

Samkvæmt því er Gerður Steinþórsdóttir segir í Þjóðviljaviðtali 29. sept. s.l. hafa tekið til starfa 3 ný dagvistarheimili með 106 plássum á árinu. Forgangshóparnir (einstæðir foreldrar og námsfólk) hafa ekki nægileg pláss ennþá. Skóladagheimili á R.víkur svæðinu er hægt að telja á fingrum sér. Öll dagvistun er rándýr, ekki síst hjá "dagmömmu" kerfi borgarinnar, þar kostar nú yfir 78.000 kr. á heilsdagsbarn fyrir allmenning. Ótal margt fleira mætti upp telja. Það sér hver sem vill sjá að við þessar aðstæður hafa konur ekki í raun rétt á atvinnu utan heimilis.

Síðasta "afrek" borgarstjórnar er að félagsmálaráð fór að stað með "könnun" á "þörf" borgarbúa fyrir dagvistun. Það má ýmislegt segja um þessa könnun en hér skal aðeins stiklað á stóru: Markmiðið, segir í Þjv., er að marka framtíðarstefnu í dagvistarmálum. Þýðir þetta að framtíðarmarkmiðið sé ekki dagvistarrými fyrir öll börn?

Könnunin var aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi fengu foreldrar barna sem eru í dagvistun og á leikskólum könnunarplagg sem þeir voru beðnir að fylla út. Í öðru lagi var auglýst að foreldrar sem ekki ættu börn á þessum stofnunum gætu hringt og tilkynnt þörf sína. Það sem við sjáum að þessari könnun í stuttu máli:

1. Gölluð könnunarplögg. Við eigum að krossa við vissa möguleika - en svo vantar aðra möguleika og kannski þá sem við þurfum mest á að halda, t.d. leikskólapláss í 4-5 tíma á dag og dagheimili 8-9 tíma.
2. Könnunin treystir á frumkvæði annarra foreldra til að segja frá "þörf" sinni. Við vitum að aðeins þeir foreldrar sem hafa brýnasta þörfina og fylgjast með í fjölmiðlum taka slíkt frumkvæði. - Enda von að félagsmálaráð kvarti yfir lélegri þátttöku í könnuninni (sbr. fjöðmiðlar s.l. viku).
3. Þessi könnun segir okkur alls ekki að stefnan sé dagvistarrými fyrir öll börn, heldur að framtíðarstefnumörkunin skuli taka mið af sárustu þörfinni. Framtíðarstefnumörkun er auðvitað hægt að gera með því að taka mið af fjölda barna í hverjum aldurshópi.

Niðurstaða okkar er sú, að borgarstjórn ætlar að reyna að setja plástur á allra stærstu sárin, en lætur sem hún sjái ekki hin Auðvitað kemur illt í þau.

Þóra og Rúna.

HORNIÐ

Vinur minn Rauðmundur - sá sami og sendi okkur heilan bálk um Verkalýðsblaðið fyrr á þessu ári - er nú byrjaður að vinna í gegnsýrðu Allaballabæli. Þar urðu til hjá honum eftirfarandi kosningavísur:

Firrið vanda og fári lýð,
fósturlandið dragið
burt frá klandri og
krepputíð,
kjósið Bandalagið.

Framboðsandlit forn og ný,
furðu blandað tagið.
Allur fjandinn álpast í
Alþýðubandalagið.

Eftirfarandi stældi Rauðmundur úr þingeyskum húsgangi: "Ekkert gott um Odd ég hermi":

Fátt er líkt með flokkum
snjöllum,
finnst þó samt.
Loforð gefa okkur öllum,
allir jafnt.

Fátt er líkt með flokkum
kjörnum,
finnst þó samt.
Loforð brjóta á landsins
börnum,
líka jafnt.

Þegar undirritaður steig inn í prentsmiðju Verkalýðsblaðsins hékk þar uppi eftirfarandi ádeila á síðasta tbl. VBL:

Í tilefni 22. tölublaðs.

Heimilisfang í haus er gott
að hafa
Tölublaðsnúmer tækt er með
til að ekki sortni geð.
Stuðningsmaður.

Þá er bara að óska gleðilegra jóla og splunkunýs árs. Vonandi að Hornið lifi það af.

Hornklofi.

Íranska byltingin á krossgötum .....

Undanfarna mánuði hefur Íran verið nær stöðugt í sviðsljósinu. Nú síðustu vikurnar vegna töku bandarísku sendiráðsins í Teheran.

Þjóðleg bylting

Forsaga atburðanna í Íran er sú að um áratuga skeið var írönsku þjóðinni haldið í hlekkjum. Íranskeisari sat í páfuglshásæti sínu og drottnaði. Skæðasta vopn keisarans var herinn og hin illræmda leyniþjónusta SAVAK. Að veldi keisarans stóðu risastórir auðhringar svo sem Rokkefeller og fleiri amerískir. Landið var nánast amerísk nýlenda af verstu tegund. Gegn rotnu veldi keisarans og erlendum ítökum í Íran beindist íranska byltingin. Markmið hennar var þjóðlegt sjálfstæði, bæði efnahagslegt og pólitískt. Með því að velta keisaranum úr sessi og yfirtaka eigur erlendra í Íran var klippt á þá strengi, sem stýrðu landinu. Það má öllum vera ljóst að slíkt gerist ekki átakalaust og enn síður á skömmum tíma.

Hlutur trúarbragða

Á harðstjórnartíma keisarans voru allir pólitískir flokkar og samtök bönnuð. Allt andóf gegn keisaranum var kæft. Fangelsin voru full af pólitískum föngum. Aftökur án dóms og laga voru daglegt brauð.

Ríkjandi trúarbrögð í Íran eru múhameðstrú. Stærsti söfnuðurinn er Shiit-múhameðstrú og minni trúflokkar eru fjölmargir, oft eru þeir tengdir þjóðlegum minnihlutahópum. Starfsemi múhameðsku kirkjunnar gat keisarinn ekki stöðvað, enda þótt hún færðist æ meira í þá veru að leika hlutverk pólitískrar andspyrnu. Alþýðan flykktist til moskanna til þess að hlusta á prestana. Innihaldið í boðskap prestanna var ákall um sjálfstæði og uppreisn gegn keisaranum. Gagnstætt kristnum trúarbrögðum hefur múhameðstrúin aldrei verið hugmyndafræðilegt tæki fyrir heimsvaldasinna. Múhameðstrúin hefur þvert á móti verið um langan tíma pólitískt afl gegn nýlendustefnu og tekið málstað þjóðlegs sjálfstæðis. Vegna hinna sérstöku aðstæðna í Íran og afstöðu múhameðstrúarinnar hlaut klerkaveldið að verða leiðandi í þjóðlegu byltingunni í Íran.

Bandaríska sendiráðið tekið

Það er ljóst að taka bandaríska sendiráðsins í Teheran hefur tvær hliðar. Annarsvegar er aðgerðin sjálf, það að taka sendiráð, fordæmanleg vegna þess fordæmis sem hún skapar. Friðhelgi sendiráðsins er rofin. Brotið er gegn alþjóðlegum samþykktum. Aðferð írönsku stúdentanna veikir stöðu Írana verulega. Hins vegar sýnir sendiráðstakan og þá einkum það sem á eftir hefur gerst að andstaðan við bandarísku ríkisins heimsvaldastefnuna er mjög mikil. Hvarvetna hefur alþýðan í múhameðsku löndunum risið upp gegn ítökum og áhrifum Bandaríkjanna. Þessi upp uppreisn hefur líka afhjúpað betur en margt annað veikleika Bandaríkjanna, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi.

Með aðgerð sinni hefur Íran tekist að etja andstæðingum innan Bandaríkjanna saman.

Það er víst að meðal gíslanna í sendiráðinu eru CIA njósnarar. Símskeyti sem stúdentarnir í sendiráðinu hafa opinberað eru ófölsuð. John Scali, fyrrum sendiherra Bandaríkjanna hjá SÞ hefur staðfest að svo sé. Skeytið staðfestir að Bruce Laingen, sendiráðsfulltrúi og diplómatarnir Michael Holland og Victor Tomseth séu CIA menn. Scali hefur líka sagt að það valdi bandarísku leyniþjónustunni miklum áhyggjum að mörg önnur leyniskjöl geti verið í höndum stúdentanna.

Khomeini einvaldur

Þrátt fyrir að andbandaríska herferðin í Íran hafi sett mikinn fjölda á hreyfingu hefur það ekki leitt til þess að auka þátttöku alþýðunnar í

Plakat sem sett var upp í Teheran og segir sína sögu um stemninguna.

atkvæðagreiðslunni um nýju stjórnarskrána. Nýja stjórnarskráin getur ekki um stöðu Khomeinis persónulega, en óbeint. Þar segir m.a. að "forystu fyrir samfélaginu skal hafa æðsti trúarleiðtoginn, sem er réttlátur, djarfur og duglegur og sem virðing er borin fyrir af meirihlutanum sem hinn óumdeilanlegi leiðtogi." Þessi leiðtogi á líka að hafa rétt til þess að lýsa yfir stríði og friði, tilnefna dómara og samþykkja forseta eftir að hann hefur verið kosinn. Trúarleiðtoginn á líka að geta sett forsetann frá ef hann metur að það sé í þágu þjóðarinnar. Stjórnarskráin hefur ekkert aðgeyma sem felur í sér sjálfstjórn ákveðinna svæða.

Þjóðernisminnihlutar og trúarlegir minnihlutar eru því andvígir nýju stjórnarskránni.

12 smærri pólitískir hópar, sem aðallega samanstanda af því sem vestrænar fréttastofur kalla "vinstri" mönnum, hafa líka samþykkt andstöðu við stjórnarskrána. Samt er Tudeh-flokkurinn ekki með í þessum hóp. Þessi flokkur er nátengdur Sovétríkjunum og stuðningur hans við stjórnarskrá Khomeinis er liður í tilraunum Moskvu til að nota sér deiluna við Bandaríkin til þess að eyða andstöðu þeirri í Íran sem er við Sovétríkin.

Andstaðan við stjórnarskrána er í aðalatriðum andstaða við þá miklu valdasamþjöppun í hendur Khomeinis og það að Shiit-múhameðstrú skuli vera gerð að ríkistrúarbrögðum.

sjálfstæði, en hvað svo?

Þjóðlega byltingin í Íran hlýtur að staðna, ef máttarstólpar þess þjóðfélagskerfis sem koma skal verða gerðir úr trúarbrögðum. Íran fékk sjálfstæði sitt með því að hrekja keisarann frá völdum og reka erlenda auðhringa á brott. Alþýðan í Íran verður ekki frjáls ef hún varpar ekki af sér oki trúarbragðakreddu og tekur málin í eigin hendur. Í þeirri baráttu verður Khomeini andstæðingur hennar, en hingað til hefur hann í aðalatriðum verið samherji þar sem andstæðingur beggja var hið erlenda vald.

Æ.-

KENNEDY — stóra vonin í Bandaríkjunum?

Frelsandi engill svífur nú yfir Bandaríkjunum. Eftir stríðsbrölt Johnsons í Indókína, lögbrot og misferli Nixons og ráðleysi Carters, líta bandarískir auðmenn Kennedy hýru auga. Goðsögnin um Kennedy-bræðurna segir þá vera sterka, heiðarlega, lítilláta en stolta talsmenn bandarísks lífsstíls og hagsmuna. Í Bandaríkjunum er Kennedy tengdur draumnum um nýja stórveldatíma.

Goðsögnin

Á þeim tíma er John F. Kennedy var forseti Bandaríkjanna, á árunum fyrst eftir 1960, stóðu Bandaríkin á hátindi veldis síns. Ekkert ríki eða ríkjasambönd ógnuðu stöðu Bandaríkjanna í efnahagslegu-, hernaðarlegu- eða pólitísku tilliti. Vestur-Evrópa og Japan voru enn stórir markaðir fyrir bandarískar fjárfestingar og vörur. Sovétríkin, sem þá lutu forystu Krússjoffs, boðuðu friðsamlega sambúð risaveldanna, og forðuðust að leggja stein í götu Bandaríkjanna Innanlandsástand í Bandaríkjunum var gott - miðað við það er síðar varð: Það var stöðug þensla í efnahagslífinu og barátta verkalýðs og kúgaðra þjóðernisminnihluta var í lægð. Þetta var tími "hins ameríska draums", goðsagnar er sagði að "einbeittum og sterkum (og hvítum) bandaríkjamanni væri ekkert ómöguleg".

1963 var Kennedy myrtur í Texas. Um svipað leiti fór að bera á hnignun Bandaríkjanna sem stórveldis. Önnur auðvaldsríki styrktu stöðu sína og kepptu við Bandaríkin um markaði og áhrifasvæði. Á alþjóðamælikvarða óx

Á leiðinni uppávið.

samkeppni við Sovétríkin, og aukin barátta 3. heimsins hafnaði bandarískri "forsjá". Kreppan innanlands dýpkaði og barátta alþýðu og þjóðernisminnihluta færðist í aukana.

Minningin um J.F. Kennedy er í hugum margra bandaríkjamanna órjúfanleg tengd minningunni um hátind Bandaríkjanna sem stórveldis.

Dómsmálaráðherra J.F. Kennedy var bróðir hans, Róbert Kennedy. Hann var sleginn til riddara sem mikill baráttumaður gegn glæpum, fátækt og spillingu. Hann beitti sér fyrir ýmsum umbótum: Ráðist var gegn opinni kynþáttaaðskilnaðarstefnu sem ríkti í Suðurríkjunum, og t.a.m. var þjóðvarðliðið kallað út til að tryggja svörtum stúdentum aðgang að háskólanum í Missisippi.

Róbert Kennedy var myrtur árið 1968, er hann keppti að útnefningu sem forsetaefni Demókrataflokksins. Við dauða hans magnaðist goðsögnin um Kennedy-fjölskylduna um allan helming.

Sá Kennedy sem enginn man

J.F. Kennedy aðhafðist margt sem höfundar goðsagnarinnar hafa kosið að gleyma; margt sem illa þolir dagsins ljós. Vegna plássleysis getum við ekki drepið nema á fá mál.

Árið 1961 skipulagði CIA skv. skipun Kennedys innrás í Kúbu, sem þá hafði lotið stjórn Kastros í rúm 2 ár. CIA reyndi á þessum tíma að ráða Kastro af dögum.

Það var J.F. Kennedy sem tók ákvörðun um að hefja hernaðaríhlutun í Víetnam. Hann sendi snemma árs 1961 500 sérþjálfaða hermenn og hernaðarráðgjafa til Víetnam, og tók á sig þá skuldbindingu að senda 200 þús hermenn til viðbótar, reyndist það nauðsynlegt til að halda spilltri stjórn Ngo Dinh Diem við völd. Allir vita hvað íhlutun Bandaríkjanna kostaði alþýðu Indókína.

Í Afríku og S-Ameríku studdy Kennedy þau öfl er tryggt gætu hagsmuni Bandaríkjanna, og CIA stjórnaði málaliðum og hermdarverkamönnum sem ruddu úr vegi öflum er reynst gætu skeinuhætt.

Kennedy studdi minnihlutastjórnir hvítra í Afríku, og hélt uppi stríðsógnum við Kína. Það var ekki fyrr en 10 árum eftir valdatíma Kennedys sem stefna hans í Kínamálinu beið

Frh. á bls. 2



Kampútsea 1977: Verksmiðjubygging reist í Stung Meanchey, nálægt Phnom Penh.



Kampútsea 1979: Hungruð börn í Kompong Speu. Getur Pol Pot talist ábyrgur fyrir aðstæðum sem innrásarherinn hefur skapað eftir að hann og ríkisstjórn hans voru reknir út í frumskóginn.

KAMPÚTSEA VAR AÐ RÍSA ÚR GJÖREYÐINGARSTRÍÐI

Kampútsea er komin rækilega á dagskrá hjá fjölmiðlum hérlendis - sérstaklega eftir að sjónvarpið sýndi breska fréttamynd þar sem lýsingu á hörmungum banhungraðra íbúa landsins var fléttað saman við áróður til að réttlæta hernám Víetnama.

Það hefur viljað brenna við í umræðunni að áherslan lendi á vitlausum stöðum. Í stað þess að meginathyglinni sé beint að víetnamska hernáminu - sem er orsök hungursins og hörmunganna - þá eru margir sem tala mest um Pol Pot og meint ógnarverk hans. Breska myndin var reyndar þannig uppbyggð að svona hlaut að fara, auk þess sem undanfarin umfjöllun fjölmiðla hefur hvílt mest á þessum þætti málsins.

Þar sem ein helsta röksemd Víetnamstjórnar og vina hennar fyrir veru hersins í Kamputseu er einmitt sú að Pol Pot hafi ætlað að ganga af þjóðinni dauðri - og íhlutun því réttlát - þá verður að rekja þennan þátt nokkuð.

Ekkert himnaríki

Kampútsea var á tíma Pol Pot-stjórnarinnar land sem var að rísa hægt upp úr gjöreyðingarstyrjöld, sem stóð í 5 ár. Íbúarnir áttu erfiða daga, vinnan var erfið, skammtur nauðsynja naumur og tækin við enduruppbygginguna fá og oft léleg. Allir urðu að leggja sitt af mörkum - og þeir sem áður stunduðu léttari störf, eða alls engin, bjuggu við aðstæður sem voru þeim framandi svo ekki sé meira sagt. Langstærsti hluti þjóðarinnar eru og voru bændur (85%), fyrir þá var lífið erfitt, en þó öllu betra en áður þegar þeir urðu að erfiða sískuldugir við lánadrottna og landeigendur. Meirihlutinn átti því öllu betri daga sem bötnuðu enn eftir að verstu hörmungar stríðsins voru að baki. En hluti þjóðarinnar - og þá einkum fyrrum borgarbúar - var sviptur eignum sínum og hluta þeirra réttinda sem hann hafði áður haft.

Við þetta bættist svo, á svipaðan hátt og t.d. í Frakklandi eftir að hernámi nasista lauk, hefndaruppgjör og hryðjuverk. Að mati margra þeirra sem þessi mál hafa kynnt sér þá urðu þúsundir manna slíka einkahefndum að bráð - fyrst og fremst þeir sem höfðu áður stutt hernað Bandaríkjanna gegn fátækri bændaalþýðu Kampútseu. Margar af þeim sögum sem flóttamenn hafa sagt eru því sannar að hluta eða að öllu leyti. En þar með er ekki svo komið að stjórnvöld hafi skipulega lagt á ráðin og sett í framkvæmd milljónamorð. Það er langur vegur á milli þeirra athugana sem fróðir menn hafa gert á ástandinu og þeirra lýsinga sem fjölmiðlar hérlendis og erlendis dreifa. Víetnömsku útlistanirnar sem t.d. komu fram í bresku sjónvarpsmyndinni eru fráleitar og standast engan veginn gagnrýna umfjöllun. Enda framleidd til þess að réttlæta undirokun og útrýmingu.

Hvar lendir Pol Pot-stjórnin í röðinni

Þeir sem leitt hafa hörmungar yfir Kamputseu eru fyrst og fremst Víetnamar, með stuðningi Sovétríkjanna, Bandaríkjastjórn og leppur þeirra Lon Nol. Stjórn Pol Pot er ekki efst á þessum lista þegar málin eru skoðuð náið. Tvisvar hafa hundruð þúsunda Kampútseumanna fallið fyrir sprengjum og byssukúlum, og tvisvar hafa hundruð þúsunda þeirra fallið úr hungri, allt á þessum áratug. Í fyrra skiptið þegar Bandaríkin háðu eyðingarstríðið og í seinna skiptið eftir að Víetnam hóf innrás sína fyrir tæpu ári.

Há.

Richard Gott, The Guardian:

Metum við Pol Pot rétt?

Richard Gott, einn af ritstjórnum breska blaðsins The Guardian, sem jafnframt var fréttamaður blaðsins í Norður-Víetnam 1970, spyr í grein nýlega: Höfum við metið Pol Pott rétt? Niðurstaða hans er sú að hungrið í Kampútseu sé á ábyrgð Heng Samrins og innrásar Víetnama.

Gott segir m.a.:

- Umræðan um Kampútseu varðar ekki einungis núverandi hörmungarástand - og hver ber ábyrgð á því. Hún fjallar einnig um málefni sem líklegast eiga eftir að móta umræður á næsta áratug - réttur smáu þjóðanna til að brjótast út undan auðvaldskerfi heimsins, og fara sínar leiðir, þjóðinni til hagsbóta.

- Það er þetta, sem stjórnvöld í Kampútseu reyndu að gera eftir 1975. Og hér er að finna sennilegustu ástæðuna fyrir því hvað landið hefur verið miskunnarlaust dæmt erlendis. Það er jafn mikilvægt að skilja hvers vegna Kampútsea hefur mætt slíkri fyrirlitnitngu á alþjóðlegum vettvangi, og það er að rannsaka það sem raunverulega hefur gerst. Í þriðja heiminum er fullt af löndum með svipuð vandamál og Kampútsea, en einungis eitt þessara landa kemur að einhverju marki fram á sjónvarpssker skerminum.

- Aðalatriðið í þeim áróðri sem John Pilger lagði fram í Daily Mirror og í sjónvarpsmynd sinni, og fréttastofur sumra hjálparstofnana hafa tekið undir, er , að Pol Pot, leiðtogi í Kampútseu á árunum 1975 til 1978, tilheyri hóp illgjörnustu einræðisherra á 20. öld.

AF HVERJU ER POL POT LÁTINN SVARA TIL SAKA?

Gott spyr:

- Getur það verið, að dómarnir yfir Pol Pot, sem eru reistir á jafn veikum rökum og raun ber vitni, og þar að auki gersamlega firrtir sögulegum skilningi, séu of harðir? Er það ekki frekar þannig að harmleikur í Kampútseu í dag, sem smá hópur ferðafólks í Phnom Penh hafa orðið vitni að, sé í aðalatriðum stríðin við Víetnam að kenna - stríðið, sem náði hápunkti sínum í janúar þegar Víetnam réðst inn í Kampútseu, steypti Pol Pot stjórninni af stóli í Phnom Penh og setti á legg stjórn undir forystu Heng Samrin, sem var tilbúinn að opna landamærin og lýsa yfir samstöðu með utanríkispólitík Sovétríkjanna.

- Með öðrum orðum, af hverju er Pol Pot kennt um deyjandi börn í sjónvarpinu í dag, og um vannæringuna og hungrið, þegar þess er gætt að röskir tíu mánuðir eru liðnir síðan hann var við völd, og þegar ljóst er að ástæðan fyrir ringulreiðinni í stjórnkerfi landsins er vegna stjórnar sem enginn hefur beðið um.

- Getur verið að Víetnamar og þeir í útlöndum, sem styðja aðgerðir Víetnama reyni að leggja ógagnsætt teppi fordóma yfir einstæða byltingartilraun á árunum eftir 1975 - tilraun, sem ennþá er full ástæða til að ræða?

SJÁLFSBJÖRG UNDIR POL POT

- Því undir stjórn Pol Pot tók Kampútsea frumkvæði, á bakvið lokuð landamæri, til þess að skapa sjálfsbjargandi þjóðfélag, gagnstætt venjum vestrænna ríkja og nýlendustefnu þeirra. Eina hliðstæða dæmið um þetta á seinni tímum er stjórn Dr. Jóse Gaspar Rodrigues de Francia í Paraguay á 19. öld. Hann neitaði að opna landið fyrir svokölluðum kostum fríverslunar Breta og uppskar miklar ofsóknir bresk breskra blaða. En á bakvið landamærin tókst honum að gera landið sitt að voldugasta ríki í Latnesku Ameríku.

- Það er því ekki skrýtið að meirihluti þriðjaheimslandanna og ekki síst kommúnistaflokkar, flestir í Asíu, studdu Pol Pot-stjórnina og fylgdust með af miklum áhuga. Því jafnframt því sem efnahagsleg afturför í heiminum heldur áfram, munu margir þeirra taka upp þessa sömu sjálf-

Frh. á bls. 2

Kampútsea

VBL

Áskrift greiðist á giró 12200-9

1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskr.: - 1750
Til útlands : - 5500
Stuðningsáskr: - 5000

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Leikdómur um „Fyrsta öngstræti til hægri“ eftir Örn Bjarnason, Leikfélagi Akureyrar

Í leit að orsökum ofdrykkju

Samnefnt flestu því sem rætt er og ritað um áfengismál þessa dagana er leitin að orsökum ofdrykkju. Fjölmargir leita ástæðnanna í drykkjumanninum sjálfum og lífsreynslu hans, sbr. flest það sem SÁÁ (Samtök áhugafólks um áfengismál) lætur í sér heyra. Ofdrykkjumaðurinn er skilgreindur sem sjúklingur, bilaður maður. Eina haldreipi hans verður að eignast einhvern eiginn vilja byggðan á þekkingu á áfenginu og áhrifum þess - sem er sjúkdómnum yfirsterkari.

Utanaðkomandi atriði

Þeir sem að þessum skýringum hallast, vilja helst ekki flækja myndina um of með því að taka inn í myndina "utanaðkomandi" atriði. Þó munu flestir vera reiðubúnir til að leita orsakaþátta innan fjölskyldna sjúklinganna og jafnvel í ríkjandi viðhorfum í samfélaginu. Þessi viðhorf eru sjaldnast skýrð neitt nánar, en látið nægja að nefna fyrirlitningu á drykkjumönnum, útskúfun þeirra úr samfélaginu o.fl.

Hér nálgumst við að mínu viti kjarna málsins. Ég vil á engan hátt hafna því sem hér að framan er nefnt. En ég lít á það sem afleiðingar eða aukaverkanir af því sem skiptir mestu máli. Ég hafna því til dæmis ekki alfarið aðeinhverjir líffræðilegar eða erfðafræðilegar orsakir geti verið fyrir hendi í einstökum tilfellum, en ég á bágt með að trúa því. Slík tilvik sýnist mér alltaf hægt að útskýra á annan hátt, svo sem með tilvísun til nánasta umhverfis eða samfélags. En hverjir eru þá veigamestu þættirnir í að skýra út eða leita orsaka ofneyslu áfengis og raunar annarra svonefndra vímugjafa, dóps, hass, heróíns, LSD o.s. frv.

Hverjum þjónar það?

Spyrjum nú nokkurra spurninga - og svari svo hver sem betur getur. Hver framleiðir og græðir á framleiðslu áfengis? Eru það þeir sem kaupa áfengi dýrum dómum eða eru það þeir sem eiga stór og voldug vínfyrirtæki? Eða dettur einhverjum í hug að gróðinn fari til verkafólksins, sem stritar við vínframleiðslu fyrir lágu kaupi? - Hver græðir á sölu og dreifingu áfengra drykkja, til dæmis hér á landi? Eru það umboðsmennirnir (heildsalarnir) og ríkið - eða eru það þeir sem kaupa af þeim vínið með gífurlegri álagningu allt að 1000% að því er ég hef heyrt um Genever? Ríkið veitir nokkru fé á fjárlögum til áfengisvarna, en hversu stórt ætli það framlag sé, miðað við sölugróðann? Sýnir sá mismunur okkur raunverulegan vilja ríkisvaldsins - er það vilji þess að vernda fólkið eða að græða á fólki og leyfa um leið öðrum (umboðsmönnunum, vínfyrirtækjum, vínveitingahúsum o. fl.) að plokka fólk? - Hvaða barátta í þjóðfélaginu slævist við mikla notkun áfengis og annarra vímuefna? Hver hefur gagn af því að sú barátta dofni? Eru það þeir sem eilíflega verða að verja kjör sín gegn árásum atvinnuerkenda og ríkisvalds og berjast harðri baráttu til að knýja fram hinar smæstu kjarabætur? Eða gagnast lognmolla í kjarabaráttu þeim sem skammta verkalýðnum skít úr hnefa, einkaauðvaldið og ríkisauðvaldið og þjónar þeirra, t.d. í stjórnmálaflokkunum og launþegahreyfingunum? Hvers vegna ætli auðherrum eins og Jóni Sólnes sé til dæmis svo umhugað að koma bjórnum á íslenskan markað? - Hverjir eru svo kúgaðir og vanvirtir á vinnustöðum og í samfélaginu yfirleitt, að þeir leita slíkra meðala til að varpa því frá sér? Eru það forstjórarnir og embættismennirnir - eða fólkið sem svitnar og puðar við vélar og skrifborð? - Hverjir leita sér helst félarskapar með því að sækja drykkjustaði? Eru það þeir sem eiga nóg til alls og sterka vini og bandamenn alls staðar - eða er það alþýðufólkið sem auðvaldssamfélagið hefur þrúgað með uppeldisháttum sínum, fordómum og siðspillingu? - Hverjir græða á rekstri drykkjustaðanna?

Er það þjónustufólkið sem vinnur erfiða vinnu á óþægilegum vinnutíma fyrir lágt kaup? Eru það unglingarnir sem fara með hýruna á einu kvöldi á slíkum stað - eða aðrir viðskiptavinir? Eða - það skyldi þó ekki vera svo að gróðinn fari í rúmgóða vasa þeirra mektarmanna sem eiga og reka þessa staði og fá í sína hönd lúxuslíf og auðsæld í staðinn? - Og hvernig tengjast svo allar þessar spurningar sín á milli? Hvaða öflum þjónar það að áfengisneyslu er viðhaldið?

Hver er orsökin?

Ég ætla mér ekki að reyna að svara öllum þessum spurningum. En ég vil leita svaranna í því sem við getum kallað grundvallargerð samfélags okkar - andstæður auðs og vinnu, andstæður tveggja höfuðstétta.

Einmitt þetta finnst mér vanta í leikrit Arnars Bjarnasonar. Heita má að á einmitt þessum atriðum sé alls ekki snert í leikritinu. Þetta kom mér á óvart, því að Örn Bjarnason hefur sýnt góðan skilning á samhengi hlutanna. Eða hver man ekki snjalla söngtexta hans, eins og "Vísltölufiölskvlduna" o. fl.?

En þrátt fyrir þetta held ég að hluti þeirra viðhorfa sem ég nefndi skíni í gegn um leikritið, en þá sem samið með þeim verra settu í þjóðfélaginu. Leikritið fjallar um líf slíks fólks, erfiðar aðstæður þess og vandamál, sem beint og óbeint tengjast áfengi og ofneyslu þess. Lýsingarnar á lífi fólksins og einstökum atburðum eru ákaflega sterkar og sannar. Það er einmitt þennan raunveruleika sem vantað hefur í flest það sem skrifað hefur verið um áfengismál. Og raunveruleikinn tekur ekki aðeins til efnisins, heldur ekki síður til efnismeðferðar, svo sem málfars, fyndinna tilsvara og útfærslunnar á leiksviðinu. Ljóst er að ekki aðeins höfundur gjörþekkir efni sitt, heldur hafa flytjendur gert sér verulegt far um að setja sig inn í málin Þetta leikrit er því svo sannalega jákvætt og gott framlag til baráttunnar fyrir auknum skilningi á ofneyslu áfengis. - Þú ert á réttri leið, Örn, ég er viss um á þú heldur áfram að vinna úr þessu efni og tengja það því sem er að gerast í þjóðfélaginu.

Stærstu hlutverkin í Öngstrætinu leika Svanhildur Jóhannesdóttir (María) t.h. og Sunna Borg (Anna) t.v.

Hlutur leikfélagsins

Leikfélag Akureyrar kemst mjög vel frá sínu stykki. Leikstjórn, tæknistjórnun og leikur eru fyrsta flokks. Leikfélagið hefur sannað að það er atvinnuleikhús af bestu gerð. Ég treysti mér ekki til að gera upp á milli starfa einstaklinga í þessu verki, enda er það heildarstarfið - leikverkið sjálft fullvið og flutt - sem sker úr um góðan árangur. En hér er dálítill listi yfir fólkið sem skilar af sér þessu ágæta verki. Leikstjóri: Þórunn Sigurðardóttir. Leikarar: Svanhildur Jóhannesdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir, Sunna Borg, Gestur E. Jónasson, Bjarni Steingrímssin, Theodór Júlíusson, Viðar Eggertsson, Kristjana Jónsdóttir, Sigurveig Jónsdóttir og Þráinn Karlsson. Aðrir: Elísabet Bjarnadóttir, Freygerður Magnúsdóttir, Hallmundur Kristinsson, Viðar Garðarsson, Þórarinn Ágústsson og Ljósmyndastofa Páls.

Akureyingur.

Stefna borgarstjórnar í dagvistarmálum

Hvað er það sem borgarstjórn hefur að hrósa sér af? -

A vormisseri 1979 tók 8. mars-hreyfingin frumkvæði að myndun samstarfshóps um dagvistarmál. Tilgangurinn vað að vekja athygli á því neyðarástandi sem í þeim málum ríkir hér. 12 stéttarfélög, baráttusamtök og hagsmunafélög tóku þátt í þessu samstarfi.

Samstarfshópurinn stóð fyrir tvenns konar aðgerðum. Þann 24. mars stóð hópurinn fyrir kröfugöngu og útifundi á Lækjartorgi, hvoru-

Guðrún Helgadóttir

tveggja tókst vel og tóku um 1000 manns þátt í aðgerðunum. Hópurinn stóð einnig fyrir undirskriftasöfnun fyrir kröfunni "NÆG OG GÓÐ DAGVISTARHEIMILI FYRIR ÖLL BÖRN". Alls söfnuðust rúmlega 10.000 undirskriftir, sem síðan voru afhentar borgarstjórn 7. júní s.l.

Framhald á bls. 9